HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindasvið

Skák og mát

Dægradvöl í miðaldaklaustrum á Íslandi

Ritgerð til B.A.-prófs

Sólrún Inga Traustadóttir

Júní 2009

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Fornleifafræði

Skák og mát

Dægradvöl í miðaldaklaustrum á Íslandi

Ritgerð til B.A.- prófs

Sólrún Inga Traustadóttir
Kt.: 081281-4839

Leiðbeinandi: Steinunn J. Kristjánsdóttir

Júní 2009

Ágrip

Hér á eftir verður fjallað um dægradvöl í kaþólskum klaustrum á Íslandi í ljósi þeirra gripa sem hafa fundist við fornleifarannsóknir. Notast verður við fornleifarannsóknir sem hafa verið gerðar á þremur klaustrum á Íslandi til þessa: á Kirkjubæjarklaustri, á Skriðuklaustri og á Viðeyjarklaustri. Fyrst verður fjallað um efnismenningu og samspil efnis og efnisveruleika í tengslum við dægrastyttingu í klaustrum. Aðaláhersla verður lögð á gripi sem tengjast ýmiskonar borðspilum, þ.e. taflmenn, taflborð, kotrur og teninga, en gerð verður efnislýsing á þessum gripaflokkum. Einnig verður fjallað um þær gerðir borðspila sem algengust eru í fornleifum, þ.e. hnefatafl, kotruspil og skák. Auk þess að notast við fornleifarannsóknir verður stuðst við ritaðar heimildir í sambandi við afþreyingu fólksins í landinu á miðöldum og síðar. Að lokum verður fjallað stuttlega um tvíræðni gripa og táknræna merkingu þeirra.

Efnisyfirlit

1. Inngangur 5
   1.1. Markmið 5
   1.2. Aðferðir og afmarkanir 5
2. Efnismenning 6
   2.1. Efnið og efnisveruleikinn 6
3. Klaustur 8
   3.1. Almennt um klaustur 8
   3.2. Kirkjubæjarklaustur 11
   3.3. Skriðuklaustur 13
   3.4. Viðeyjarklaustur 16
4. Dægradvöl á Íslandi 19
   4.1. Spil og leikir í aldanna rás 20
   4.2. Hnefatafl 21
   4.3. Kotruspil 22
   4.4. Skák 23
5. Gripir 28
   5.1. Taflmenn 28
   5.2. Kotrur 31
   5.3. Teningar 33
6. Umræða 35
7. Lokaorð 39
8. Heimildir 40
9. Myndaskrá 45

Fylgiskjal I 48

Fylgiskjal II 49

1. Inngangur

Í þessari ritgerð verður fjallað um dægradvöl í miðaldaklaustrum á Íslandi. Einblínt verður á þau þrjú klaustur þar sem hafa farið fram fornleifarannsóknir, þ.e. Kirkjubæjar-, Skriðu- og Viðeyjarklaustur. Við þessar rannsóknir hefur verið rýnt í efnahag og stjórnskipulegt hlutverk klaustranna, en einnig spáð í byggingarlag þeirra. Lítil áhersla hefur hins vegar verið lögð á tómstundir og dægradvöl í íslenskum fornleifarannsóknum til þessa. Í ljósi þess að höfundur hefur mikinn áhuga á gripum og hlutverki þeirra í fornum samfélögum var ákveðið að efni ritgerðarinnar myndi tengjast griparannsókn. Í fyrstu var ætlunin að skoða einnig verkmenningu klaustranna en fljótt kom í ljós að það yrði að bíða betri tíma og áhersla yrði frekar lögð á dægradvöl klausturbúanna sjálfra. Þessi efnisflokkur hefur setið eilítið á hakanum í fornleifarannsóknum og telur höfundur þetta því vera tilvalið tækifæri til þess að vekja athygli á honum.

1.1. Markmið

Meginmarkmið með þessari ritgerð er að varpa ljósi á dægradvöl klausturbúa í miðaldaklaustrum á Íslandi út frá þeim gripum sem hafa fundist við fornleifauppgrefti á rústum þeirra. Hvað höfðu klausturbúar við að vera þegar þeir voru ekki að biðja eða iðja? Aðaláhersla verður lögð á dægradvöl af ýmsu tagi, þá einkum og sér í lagi spil og leiki. Einnig er markmiðið að vekja áhuga á þessum félagslega þætti efnismenningar í fornleifum.

1.2. Aðferðir og afmarkanir

Farið verður yfir fornleifarannsóknirnar þrjár með það að leiðarljósi að skoða þá gripi sem hafa fundist við uppgreftina og geta tengst dægradvöl. Þessir gripir eru kotrutöflur, spilateningar, taflborð og taflmenn. Farið var yfir áfangaskýrslur úr uppgröftum, fundarskrár sem og greinar þeirra fræðimanna sem standa að baki þessara rannsókna. Eins voru skoðaðir þeir gripir sem tengjast þessu verkefni og teknar voru myndir af þeim sem ekki höfðu verið myndaðir meðan á fornleifarannsóknum stóð. Einnig voru skoðaðar ritaðar heimildir sem segja frá dægradvöl á Íslandi. Ritgerðin byggir því bæði á fornleifafræðilegum- og

rituðum heimildum.

Búseta á svæðunum þremur spannar mismunandi tímabil en hér verður aðaláhersla lögð á tíma klaustranna, sem nær allt frá 1186 fram til 1554. Þess vegna verður bakgrunnur klaustranna skoðaður hér, svo og kenningar um viðhorf kaþólsku kirkjunnar til dægradvalar og tómstundagamans.

2. Efnismenning

Fornleifafræði eru vísindi efnismenningar og má segja að gripir og mannvirki séu einfaldasta form hennar. Gripir geta varpað ljósi á hugarheim fornmanna, samfélagið sem þeir bjuggu í, verkmenningu þess, tískustrauma og tengsl við önnur lönd. Þeir fela í sér bæði efni og efnisveruleika.

Í þessum kafla verður fjallað um efnið og efnisveruleikann, hvernig þessir tveir þættir spila saman og tengjast efni ritgerðarinnar. Einnig verður fjallað um félagslega merkingu gripa en öll þessi atriði skipta máli við túlkun á efnismenningu.

2.1. Efnið og efnisveruleikinn

Innan samhverfrar fornleifafræði er horft á gripi sem eina heild þar sem efnið og efnisveruleikinn spila saman.[1] Efnið táknar það hlutbundna og áþreifanlega í efnismenningunni, t.d. bein, tré, járn o.s.frv., en hið óhlutbundna og óáþreifanlega er þá efnisveruleikinn sem gripirnir sjálfir búa yfir. Það eru því áhrif þessara tveggja þátta hvorn á annan sem skipta máli í túlkun á efnismenningunni en ekki er hægt að skilja þá að.

Svo að efnisveruleikinn öðlist tilvist og merkingu þarf samspil mannsins við efnismenninguna að vera til staðar, því er efnisveruleikinn í raun hin félagslega vídd og merking efnismenningarinnar. Hann getur verið mismunandi eftir umhverfisþáttum þar sem samspil náttúru og menningar er ekki allstaðar það sama. T.d. getur gripur haft mismunandi efnisveruleika, allt eftir samhenginu sem hann tilheyrir þar sem menning, náttúra og þátttakendur hafa áhrif á. Með samspili efnis og efnisveruleika verður gripur að hlut. Hlutur getur verið stofnun, líkt og klaustur, eða jafnvel borg. Hluturinn felur því í sér bæði hið

[1] Miller, 2005, bls. 1-50.

efnislega og efnisveruleikann.[2]

Samkvæmt þessu má segja að hlutir séu tákn um eitthvað meira en það sem útlit þeirra gefur til kynna, þ.e. þeir eiga sér alltaf einhvern félagslegan tilgang. Gripur getur t.d. verið tákn um félagslega stöðu einstaklings, einnig um trú eða kyngervi hans. Gripur getur líka verið vísir á sérstök einkenni einstaklings sem tengjast sambandi hans við aðra í samfélaginu. Roland Barthes er fylgjandi samhverfri nálgun og hefur tekið dæmi um þetta úr nútímanum, t.d. *giftingarhringinn* sem er tákn ástarinnar og *hálsbindið* sem er stöðutákn viðskiptajöfursins, en það er mjög ósennilegt að hann gangi með bindi þægindanna vegna.[3] Ef við tökum dæmi frá Íslandi í sambandi við félagslega stöðu einstaklings þá er Range Rover jeppinn gott dæmi um það. Að eiga einn slíkan sýnir að þú ert vel stæður í samfélaginu.

Við túlkun á efnismenningu geta komið upp ýmis vandamál og þar má nefna þrjár meginástæður. Í fyrsta lagi höfum við ekki alltaf upplýsingar um ástæður einstaklings sem stjórna því hvers konar klæðnað hann notar eða hvers kyns hluti hann á. Annars vegar búum við ekki alltaf yfir þeim menningarlegu hæfileikum sem þarf til þess að túlka merkingu hluta. Þetta á við um þegar skoðanir og túlkanir okkar mótast af þekkingu okkar eða reynslu á ákveðinni menningu. Í þriðja lagi hangir efnismenning alltaf saman við tíma og rúm þar sem félagslegir staðlar um hvað sé viðeigandi hafa mótast.[4]

Efnismenning í klaustrum hefur þurft að ganga í gegnum félegslegar breytingar, líkt og önnur félagsleg fyrirbæri í samfélaginu. Það sem getur haft áhrif eru m.a. viðhorf og tískustraumar sem taka ört breytingum. Dæmi um þetta eru munkar og nunnur nútímans, sem tala í farsíma og nota nýjustu tækni í samgöngum, rétt eins og hinn almenni borgari. Þau sinna jafnframt skyldum sínum í samfélaginu í takt við þarfir samfélagsins. Með því að klæðast búningum klaustra sinna og búa í afmörkuðum heimi klaustursveggjanna, minna þau hlutbundið og táknrænt á merkingu hlutverka sinna sem þau þjóna í samtíma sínum.[5] Það eru félagslegar breytingar sem þessar sem gera það að verkum að erfitt er að túlka efnismenninguna.

Þegar við hugsum um einhverja ákveðna stofnun, eins og t.d. klaustur höfum við ósjálfrátt myndað okkur einhverja skoðun á henni og það fyrsta sem

[2] Miller, 2005, bls. 1-50.
[3] Woodward, 2007, bls. 57-58.
[4] Woodward, 2007, bls. 59.
[5] Steinunn Kristjánsdóttir, 2008b, bls. 169.

kemur upp í hugann er trú, Guð og bænir. Svona hugsanir hafa mótast út frá eigin upplifun eða þekkingu sem við höfum öðlast á viðkomandi efni. Slík þekking getur verið takmörkuð og skapar oft ranga mynd af viðfangsefninu. Þetta á sennilega við um almenna þekkingu á klaustrum sem grundvallast á þeirri hugmynd að klausturbúar geri ekkert annað en að biðja dag og nótt. Það sem er átt við hér er að ekki er allt sem sýnist.

3. Klaustur

Til þess að kynnast betur þeirri menningu sem fram fór innan klausturveggjanna er vert að fjalla almennt um klaustrin, klausturreglur og starfsemi innan þeirra. Síðar í kaflanum verður einnig fjallað um uppgreftina þrjá og greint verður frá aðaláherslum fornleifarannsókna á þessum þremur stöðum, gripafundum og helstu niðurstöðum fornleifarannsókna.

3.1. Almennt um klaustur

Á sama tíma og víkingaferðir hófust, voru klaustur stofnuð víðsvegar um heim. Klaustrin hér á landi voru flest eða öll undir umsjá og eftirliti biskupanna en voru þó sjálfstæð hvert um sig.[6] Alls voru stofnsett ellefu klaustur á Íslandi (sjá mynd 1). Þingeyraklaustur í Húnaþingi var fyrsta klaustrið sem var stofnað á Íslandi



Mynd 1. Kaþólsku klaustrin sem voru stofnuð á Íslandi (mynd: Gunnar F. Guðmundsson 2000).

[6] Suðri I, 1969, bls. 154-155.

og jafnframt fyrsta nunnuklaustrið. Það var stofnað um 1133 og hélst það til siðaskipta.[7] Klaustrin voru sjálfseignarstofnanir, sem ábótar eða abbadísir stjórnuðu undir umsjón biskups. Hvert þeirra eignaðist smám saman miklar jarðeignir.[8] Þau söfnuðu að sér fé úr ýmsum áttum, m.a. fengu þau stofnfé, próventuframlög og hluta af fé þeirra sem gengu í klaustrin. Til klaustranna runnu ýmsar gjafir og arfur frá trúuðu fólki, einnig skólagjöld námsmanna og sektir fyrir að brjóta kirkjulög. Þegar til var eitthvað lausafé keyptu klaustrin oft jarðir, stundum fyrir hálfvirði eða höfðu jarðaskipti sér til hagnaðar.[9]

Miðaldaklaustur á Íslandi voru annað hvort af reglu Ágústínusar eða Benedikts. Talið er að ekki hafi verið mikill munur á þessum klausturreglum í hinu daglega lífi og engar heimildir eru til um ágreining á milli klaustranna vegna ólíkra áherslna.[10] Þeir sem tilheyrðu Benediktsreglunni lokuðu sig frá heiminum og lifðu einir með Guði. Ábótinn sem stjórnaði í Benediktínaklaustri var faðir munkanna í klaustrinu og var jafnframt staðgengill Krists og því áttu munkarnir að sýna honum sérstaka virðingu. Stjórnandi Ágústínusarklausturs átti hins vegar ekki að vera faðir í sama skilningi, heldur var hann fremstur meðal jafningja og kallaðist því forstöðumaður og síðar príor, en ekki ábóti.[11]

Íslenskar ritheimildir um daglegt líf í klaustrum eru af skornum skammti og því þarf oft að styðjast við erlend rit í því sambandi.[12] Guðrún Ása Grímsdóttir hefur tekið saman heimildir um klaustrin í Skaftafellsþingi (Kirkjubæjar- og Þykkvabæjarklaustur) og eru þar helstu heimildirnar eignaskrár, einkum frá því eftir siðaskipti.[13] Af þessari heimildarannsókn að dæma virðist lítið hafi verið ritað um klausturslífið sjálft,- en mikið fjallað um jarðir og aðrar eignir klaustranna.

Daglegt helgihald var megineinkenni klausturlífsins og samanstóð það af daglegri messu þar sem neytt var sakramentis heilagrar kvöldmáltíðar og átta tíðagjörðum eða tíðabænum. Á íslensku kallast tíðirnar: Óttusöngur hinn fyrri, Óttusöngur hinn efri, Miðmorgunstíð, Dagmálatíð, Miðdagstíð, Níunda tíð, Aftansöngur eða Miðaftanstíð, Náttsöngur eða Kvöldsöngur.[14] Eins og sést á þessum fjölda bænastunda hefur stór hluti dagsins farið í bænahald.

[7] Björn Þorsteinsson, 1980, bls. 109-110.
[8] Björn Þorsteinsson, 1980, bls. 111.
[9] Árni Óla, 1969, bls. 44-45.
[10] Kristján Valur Ingólfsson, 2008, bls. 41.
[11] Gunnar F. Guðmundsson, 2000, bls. 212-213.
[12] Gunnar F. Guðmundsson, 2000, bls. 231.
[13] Guðrún Ása Grímsdóttir, 1999, bls. 119.
[14] Kristján Valur Ingólfsson, 2008, bls. 42-44.

Í flestum eða öllum klaustrum fór fram einhver kennsla þar sem nýliðar lærðu latínu, tíðasöng, bænir, íhugun og reglur klaustursins. Fyrst og fremst var fræðslan fólgin í því að fylgja lærimeistaranum frá morgni til kvölds og læra af tali hans og verkum. Þetta var lokaður skóli sem var einungis ætlaður þeim sem gengnir voru í klaustrið. Talið er að hér á landi hafi einnig verið reknir skólar fyrir þá sem lifðu utan klaustranna, svokallaður *ytri skóli*, en frá Skriðuklaustri eru einu nokkuð öruggu heimildirnar um *ytri skóla*.[15]

Í sumum klaustrum var jafnframt stunduð bókagerð á 14. öld, bæði til sölu innanlands sem utan. Bókagerð var bæði arðbært og gjöfult starf en þannig gátu munkarnir safnað fé til klaustursins og í senn predikað með höndunum án þess að rjúfa þagnarskylduna og boðað hinn fallega boðskap um allan heim, án þess að yfirgefa klaustrið. Munkar voru ekki rithöfundar, heldur voru þeir safnarar og héldu til haga gömlum fornritum sem annars myndu glatast. Lesefnið var ekki einungis trúarlegs eðlis, heldur einnig sögur heilagra forna manna frá mismunandi menningarheimum. Auk þess að afrita bækur (þá aðallega til helgihalds) stunduðu munkarnir söguritun, en algengt var erlendis að munkar fengu að rita sögur konunga.[16]

Í nunnuklaustrum var vefnaður ein helsta tekjulindin og voru nunnurnar vinsælar hannyrðakonur miðalda.[17] Ef til vill hafa hannyrðir og vefnaður leikið mikilvægara hlutverk í helgisiðum á Íslandi heldur en í Evrópu. Hér á landi voru kirkjur og klaustur úr innlendum byggingarefnum og voru klædd reflum og klæðum að innan. Slíkur umbúnaður getur hafa komið í stað vegg- og höggmynda sem voru í erlendum kirkjum og klaustrum.[18]

Í Þjóðminjasafni er að finna stærsta og fjölbreyttasta safn íslenskra útsaumsverka fyrri alda og má þar greinilega sjá hvað íslenskar konur hafa haft mikið yndi af útsaumi. Frá miðöldum er aðeins um kirkjuleg útsaumsverk að ræða, þó svo að ritaðar heimildir greini einnig frá húsbúnaði og klæðnaði. En eftir siðaskipti má bæði finna kirkjulegar og veraldlegar hannyrðir.[19] Með stofnun nunnuklaustranna á Kirkjubæ og Reynistað mynduðust tvö áhrifamikil hannyrðasetur bæði hvað varðar vinnu og kennslu. Talið er að handavinnan hafi verið liður í námi systranna í klaustrunum.[20]

---

[15] Gunnar F. Guðmundsson, 2000, bls. 221, 223.
[16] Gunnar F. Guðmundsson, 2000, bls. 224, 236, 238, 240-241.
[17] Elsa E. Guðjónsson, 1996, bls. 133;Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2006, bls. 7.
[18] Kristján Mímisson og Bjarni Einarsson, 2009, bls. 55-56.
[19] Elsa E. Guðjónsson, 2004, bls. 273.
[20] Elsa E. Guðjónsson, 1996, bls. 134.

Þegar nunnuklaustrin lögðust af um siðaskiptin fór sú handiðja sem þar var stunduð sömu leið, en biskupssetrin héldust og voru miðstöðvar útsaumslistar allt fram undir lok 18. aldar.[21]

Þessi umfjöllun um klaustrin á Íslandi gefur til kynna að ekki hefur verið mikill tími fyrir tómstundir. Því má velta fyrir sér hvort íbúar klaustranna hafi reynt að finna sér skemmtun í daglegri iðju, s.s. hannyrðum eða bókagerð.

3.2. Kirkjubæjarklaustur

Nunnuklaustrið á Kirkjubæ var stofnað árið 1186 en þar var Þorlákur helgi prestur. Nafn staðarins breyttist í Kirkjubæjarklaustur með tilkomu klaustursins en í dag kalla menn staðinn Klaustur þó svo að klaustrið sjálft sé ekki lengur til staðar.[22]



Mynd 2. Minjar 15. aldar klausturbygginganna á Kirkjubæjarklaustri. A-D: Norðaustur horn klausturþyrpingarinnar, E: Veggjabrot í könnunarskurði. Ljósu fletirnir utan marka uppgraftarsvæðanna tákna áætlað framhald bygginganna (teikning: Kristján Mímisson, 2006).

Fornleifarannsókn á Kirkjubæjarklaustri hófst með jarðsjármælingum árið 1995 undir umsjá dr. Bjarna F. Einarssonar. Markmiðið var að staðsetja klausturhúsin sem þá var ókunn. Einnig var stefnt að því að kanna stöðu klaustursins innan íslensks miðaldasamfélags, sem og tengsl þess við útlönd.[23] Uppgröftur hófst

[21] Elsa E. Guðjónsson, 2004, bls. 273.
[22] Þórarinn Helgason, 1961, bls. 6-7.
[23] Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2006, bls. 8 og 11.

síðan sumarið 2002 og fór fram á hverju sumri til ársins 2005.[24]

Að loknum ellefu ára rannsóknum á Kirkjubæjarklaustri er margt hægt að segja um miðaldaklaustrið en það er ljóst að aðeins lítið brot af rústunum hefur verið rannsakað, þ.e. um 140 m² norðaustushorns á 15. aldar klaustrinu (mynd 2). Jarðsjármælingar gáfu góðar vísbendingar um mannvistarleifar á svæðinu og þær minjar sem hafa verið grafnar fram tilheyra aðeins litlum hluta klausturhúsanna og eru frá lokum 14. aldar til siðaskipta. Rannsóknirnar sýna þrjú byggingarskeið Kirkjubæjarklausturs á þessum síðari tvö hundruð árum í sögu þess: a) klausturhús við siðaskiptin, b) 15. aldar klaustrið (sem hefur varðveist langbest hvað varðar minjar á svæðinu) og c) meintar minjar klaustursins sem sennilega tilheyra lokum 14. aldar.[25] Þrátt fyrir að aðeins lítill hluti klausturminjanna hafi verið rannsakaður benda niðurstöður rannsókna til þess að klaustrið hafi verið byggt að erlendri fyrirmynd utan um klausturgarð.[26]

Alls hafa fundist 950 gripir við uppgröft á Kirkjubæjarklaustri en gripafundum fækkaði töluvert síðustu tvö uppgraftarárin.[27] Aðeins fundust gripir í einu herbergi klaustursins sem gátu gefið einhverja sýn á notkun þess en í hinum þremur herbergjunum sem voru grafin upp fundust örfáir gripir.[28]

Samanburðarrannsókn sem var gerð á efnismenningu Kirkjubæjarklausturs og stórbýlinu Kúabót leiddi í ljós að nokkur munur var þar á.[29] Það sést einkum á fjölda gripanna og samsetningu gripaflórunnar þar sem leirkerabrot, krítarpípur og fleira sem jafnan finnast í einhverju magni á bæjarstæðum stórbýla eru aðeins lítill hluti af þeim gripum sem fundist hafa á Kirkjubæ. Hins vegar eru varðveisluskilyrði lífrænna leifa mjög góð og því hægt að rannsaka þann hluta efnismenningarinnar sem oft reynist vera mikil ráðgáta. Töluvert meira er af handverksgripum ýmis konar frá Kirkjubæjarklaustri og ljóst er að þar hefur handiðnaður, sérstaklega vefnaður, verið mikilvægur klaustrinu.[30] Hugsanlega hefur verið vefstofa í klaustrinu allt fram yfir siðaskipti, en vísbendingar úr einu rými rústanna benda eindregið til þess. Þar fundust m.a. burðarbitar af vefstað og kljá steina klasar.[31] Ritaðar heimildir styðja þessa tilgátu og greina frá ýmsu varðandi textílframleiðslu á Kirkjubæjarklaustri,

[24] Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2006, bls. 11 og 38.
[25] Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2006, bls. 38.
[26] Kristján Mímisson og Bjarni Einarsson, 2009, bls. 48.
[27] Kristján Mímisson Bjarni F. Einarsson, 2006, bls. 35.
[28] Kristján Mímisson og Bjarni Einarsson, 2009, bls. 48.
[29] Sandra Sif Einarsdóttir 2005.
[30] Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2006, bls. 7 og 9.
[31] Kristján Mímisson og Bjarni Einarsson, 2006, bls. 25;2009, bls. 51.

m.a. í Lögmálsannáli er fjallað um visitasíuferð Vilkins Skálholtsbiskups til klaustursins.[32] Þar greiðir hann fyrir vefnað handa dómkirkjunni og stóru stofunni í Skálholti. Þessi frásögn bendir til þess að nunnurnar á Kirkjubæjarklaustri hafi stundað sérhæft kirkjulegt handverk sem var eftirsóknarvert.[33]

Nunnurnar tengdu saman vefnaðinn og bænina með því að vefa mismunandi þræði saman við ákveðnar bænir og guðlega hugsun samkvæmt reglum litúrgíunnar.[34] Þannig tvinnuðu þær saman þessum tveimur þáttum sem þær helguðu sér; bæn og starfi. Við uppgröftinn fundust sjö prjónar frá 16. öld sem benda til þess að þær hafi ekki einungis stundað vefnað, heldur einnig prjónað.[35] Það er hugsanlegt að hugmynd systranna um dægrastyttingu hafi einmitt verið handavinnan, - eins og minnst var á í kafla 3-, en fornleifarnar benda í þá átt. Aðeins hálfur taflmaður fannst við uppgröftinn og engir aðrir gripir fundust sem tengjast annars konar tómstundum. Í miðaldasamfélagi hafa konur sennilega haft önnur áhugamál en karlar, líkt og í dag, og þess vegna gripið í handavinnuna frekar en taflið.

Oft hefur því verið haldið fram um nunnuklaustur að þar sé ákveðin „kvenleg“ iðja stunduð. Á miðöldum bjuggu konur í karlaveldi og á það við um nunnurnar á Kirkjubæjarklaustri sem og aðrar stöllur þeirra í samtímanum. Engu að síður skipaði klaustrið þar mikilvægan sess í samfélaginu og þrátt fyrir karllegt valdboð kirkjunnar var handverk nunnanna sjálfstætt framlag þeirra til trúar og kirkju.[36]

3.3. Skriðuklaustur

Skriðuklaustur var starfrækt í sex áratugi, þ.e. árin 1493-1554, áður en það leið undir lok um siðaskiptin, líkt og önnur klaustur á Íslandi.[37] Helgihald var þó áfram á Skriðuklaustri til ársins 1792 þegar kirkjan var endanlega lögð niður.[38]

Fyrsti príor Skriðuklausturs var Narfi Jónsson og er talið að hann hafi tekið til starfa um 1496 en segir í heimildum að hann hafi verið dugmikill við að

[32] Islandske annaler indtil 1578, 1977, bls. 287-288;Anna Sigurðardóttir, 1988, bls. 53.
[33] Elsa E. Guðjónsson, 1996, bls. 133.
[34] Kristján Valur Ingólfsson, 2005.
[35] Kristján Mímisson og Bjarni Einarsson, 2009, bls. 55-56.
[36] Kristján Mímisson og Bjarni Einarsson, 2009, bls. 56.
[37] Suðri I, 1969, bls. 160.
[38] Heimir Steinsson, 1965, bls. 61.

safna fjár til klaustursins með jarðakaupum.[39] Eftirrennari Narfa stundaði einnig mikil jarðakaup, sérstaklega á sínum fyrstu árum sem príor og var klaustrið vel stætt á þeim tíma.[40]

Dr. Steinunn Kristjánsdóttir hefur verið stjórnandi fornleifarannsókna á Skriðuklaustri frá upphafi, en þær hófust þar árið 2000 með forkönnunum. Í framhaldi af því hófst síðan uppgröftur þar sem umfang rústanna og varðveisla var könnuð en markmiðið var að rannsaka byggingarlag klaustursins og starfsemi þess á meðan það starfaði. Uppgröfturinn sjálfur hefur nú staðið yfir frá árinu 2002 og áætlað er að grafa til ársins 2012 ef fjármagn fæst.[41]

Engar lýsingar eru til af Skriðuklaustri frá þeim tíma sem það var starfrækt og allar minjar þess hvíla undir torfu, nema rúst kirkju sem var byggð á grunni gömlu klausturskirkjunnar á síðari hluta 17. aldar. Með forkönnuninni árið 2000 átti að skera úr um hvar sjálft klaustrið hefði staðið, en ýmsar getgátur höfðu komið fram um staðsetningu þess. Það var síðan ákveðið að gera frekari rannsóknir á tveimur svæðum, m.a. á gamla bæjarstæðinu og á Kirkjutúninu. Í ljós kom að klaustrið hafði staðið á Kirkjutúninu og að byggingarnar í heildina hefðu náð yfir a.m.k. 1200 m² stórt svæði.[42]

Auk þess að rannsaka gerð klausturhúsanna leitast Skriðuklausturs-rannsóknin við að svara þeirri mikilvægu spurningu hvort að Íslendingar hafi byggt klaustur sín að erlendri eða innlendri fyrirmynd. Engin tvö klaustur eru nákvæmlega eins, vegna staðbundinna áhrifa á hverjum stað fyrir sig, þrátt fyrir þá grunnþætti sem hvert klaustur þurfti að hafa; kirkju, klausturhús og klausturgarð.[43] Svo virðist sem grunnform klausturbyggingarinnar að Skriðu líkist evrópskum klaustrum, en þau samanstóðu af ferningslaga þyrpingu vistarvera sem gegndu ákveðnum hlutverkum og voru byggðar ásamt kirkju umhverfis kirkjugarð (sjá mynd 3), líkt og er talið um byggingarmynstur á Kirkjubæjarklaustri. Með þessu byggingarformi myndaðist lokað umhverfi þeirra sem höfðu ákveðið að gefa sig Guði og segja skilið við hinn veraldlega heim.[44]

[39] Heimir Steinsson, 1965, bls. 97 og 104.
[40] Heimir Steinsson, 1965, bls. 107;Íslenskt fornbréfasafn VIII 1261-1521, bls. 465-466.
[41] Steinunn Kristjánsdóttir, 2008a, bls. 21.
[42] Steinunn Kristjánsdóttir, 2008a, bls. 21- 22.
[43] Steinunn Kristjánsdóttir, 2008a, bls. 24.
[44] Steinunn Kristjánsdóttir, 2008a, bls. 27.



Mynd 3. Grunnteikning af rústum Skriðuklausturs (mynd: Steinunn Kristjánsdóttir, 2009).

Niðurstöður úr skordýra-, dýra- og mannbeinagreiningum hafa gefið miklar upplýsingar um umsvif klaustursins og þá starfsemi sem fór þar fram. Frjókornagreiningar á sýnum úr klausturgarðinum sína að markviss ræktun á lækningajurtum hafi farið þar fram og einnig hafa ýmis lækningaáhöld fundist, m.a. bíldar og nálar. Talið er að bæði lyf- og handlækningar hafi verið stundaðar á klaustrinu og að klaustrið hafi verið griðastaður fyrir þá sjúku og sennilega hafi þar verið rekið einhverskonar sjúkrahæli. Um slíka starfsemi í klaustrum er ekki vitað hér á landi, en er hinsvegar þekkt úr klaustrum utan Íslands.[45]

Ýmis gögn og munir sem hafa fundist við uppgröftinn benda til þess að munkarnir á Skriðu hafi unnið við skriftir, sem telst ekki ólíklegt í ljósi þess að klaustrin eru talin vera menningar- og menntasetur kaþólskra miðalda, ásamt því að vera einskonar sjúkra- og félagsmálastofnanir þessa tíma.[46]

[45] Steinunn Kristjánsdóttir, 2008a, bls. 27;(munnleg heimild þann 28. apríl 2009).
[46] Steinunn Kristjánsdóttir, 2008a, bls. 27.

Um 10.000 gripir hafa fundist við uppgröftinn á Skriðuklaustri og er það nokkuð eðlilegur fjöldi miðað við stærð og umfang uppgraftarins.[47] Helstu gripaflokkarnir tengjast spítalarekstri, bókagerð eða daglegu starfi í klaustrinu. Þau læknisáhöld sem hafa fundist eru m.a. bíldar, skurðarhnífar og prjónar.[48] Þeir gripir sem tengjast bókagerðinni eru m.a. vikursteinar, bókarspensl og stimpillakksmolar. Klausturbúar hafa notað sleggjur, brýni, nagla, lás, lykla, hnífa, ljóshöld ýmiskonar ásamt fleiru til hversdagslegra starfa. Einnig má nefna ýmsa gripi í tengslum við trúariðkun og trúarathafnir, m.a. líkneski, róðukross úr tré, altarisstein, talnabandsperlur, kertaskreyti og dúk.[49] Ekki hefur verið gerð ítarleg umfjöllun á þessu myndarlega gripasafni, en þó hafa einstakir gripaflokkar verið rannsakaðir sérstaklega m.a. naglar og leirker.[50] Einstaka gripir hafa einnig verið rannsakaðir af sérfræðingum og má þar helst nefna líkneski sem fannst af heilagri Barböru sumarið 2007.

Það er ekkert í fornleifunum sem bendir til þess að vefnaður hafi farið fram á klaustrinu að Skriðu, líkt og á Kirkjubæjarklaustri. Þar var þó örugglega nóg um að vera, hvort sem það var við bókagerð, handlækningar, greftranir eða iðkun trúarinnar. Þrátt fyrir annríki hafa munkarnir gripið í tafl endum og sinnum, en fundist hafa teningar, taflmaður og kotra í húsarústum Skriðuklausturs. Þeir hafa einnig stytt sér stundir við að spila eða hlusta á tónlist því sumarið 2003 fannst flauta í Kapítula rýminu (sjá fylgiskjal I). Hugsanlega getur hafa farið fram einhver kennsla í tónlist, hvort sem það var fyrir klausturdrengi eða þá sem sóttu *ytri skólann*.

3.4. Viðeyjarklaustur

Í Viðey var munkaklaustur, líkt og á Skriðu en það var starfrækt á árunum 1226-1539, en byggðin sjálf spannar um 1000 ára tímabil. Talið er að búskapur hafi verið stundaður í Viðey fyrir klausturtímann og jafnvel stuttu eftir landnám.[51] Eftir siðbreytingu var Viðey hjáleiga frá Bessastöðum og í upphafi 17.aldar hófst þar rekstur sjúkrahælis, en slík hæli þekktust hér á landi á þessum tíma. Sjúkrahælin voru fyrst og fremst vistheimili fyrir holdsveika, auk þess að vera

[47] Steinunn Kristjánsdóttir, 2007, bls. 14.
[48] Steinunn Kristjánsdóttir, 2009, bls. 186.
[49] Fundarskrár Skriðuklausturs 2002-2005, 2007-2008.
[50] Sjá Davíð Bragi Konráðsson 2007 og Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2005.
[51] Steinunn Kristjánsdóttir, 1995b, bls. 30 og 1996, bls. 5.

athvarf fyrir utangarðsfólk.[52] Sennilega hófst rekstur sjúkrahælisins fyrr í Viðey þó svo að ekki séu til ritaðar heimildir um það fyrr en seinna.[53] Því má ætla að samskonar sjúkrahæli og á Skriðuklaustri hafi verið rekið í Viðey.

Í fyrstu var Viðeyjarklaustur ekki ríkt af veraldlegum auð, en við siðaskiptin var það ríkasta klaustur landsins.[54] Frá þessu segir í rituðum heimildum um Viðeyjarklaustur, þrátt fyrir að þær séu af skornum skammti, en mikið af Viðeyjarskjölum voru eyðilögð um það leiti sem konungur tók við umsjón klaustursins. Þrátt fyrir að heimildir séu takmarkaðar má þó sjá að þarna hafi verið stórbú og eflaust stærra en nokkru sinni fyrr eða síðar. Klaustrið hefur eflaust haft miklar tekjur af búinu en einnig af æðavarpinu og laxveiði í Elliðaám. Síðar meir hefur það haft meiri tekjur af jarðeignum sínum, leigukúgildum og rekum. Klaustrið rak frekar stóra útgerð og hafði skip sín á mismunandi verstöðvum, en búast má við að útgerðin hafi fært klaustrinu dágóðar tekjur.[55]

Uppgröftur í Viðey hófst sumarið 1987 vegna byggingarframkvæmda á svæðinu, en það átti að endurbyggja Viðeyjarstofu og Viðeyjarkirkju.[56] Frá 1987 stjórnaði Margrét Hallgrímsdóttir rannsókninni til ársins 1993, en þá tók dr. Steinunn Kristjánsdóttir við til ársins 1995. Þá þurfti að gera hlé á rannsókninni vegna fjárskorts. Rústirnar í Viðey eru mjög umfangsmiklar og endurspegla búsetu þar allt frá 10. öld fram á þá tuttugustu, en aðaláhersla rannsóknarinnar var á klausturtímann.[57] Greina má fjögur megin byggingarskeið í rústunum (sjá mynd 4). Á fyrsta byggingarskeiði hefur verið stundaður hefðbundinn búskapur en skálarústin sem þar fannst bendir eindregið til þess, sem og niðurstöður frjókornarannsóknar. Í skálanum var einnig langeldur og þar var að finna gripi eins og kotrutöflu og rúnakefli. Í öðru byggingarskeiði var að finna leifar kirkju. Rústir hennar benda til þess að hún hafi verið krossarma, en það var algengt byggingarlag á kirkjum klaustra á miðöldum.[58]

[52] Páll Líndal, 1988, bls. 164.
[53] Steinunn Kristjánsdóttir (munnleg heimild, 27. apríl. 2009).
[54] Árni Óla, 1969, bls. 38;Margrét Hallgrímsdóttir 1993, bls. 26.
[55] Árni Óla, 1969, bls. 44-45, 140, 145-146.
[56] Margrét Hallgrímsdóttir, 1993, bls. 5.
[57] Steinunn Kristjánsdóttir, 1996, bls. 5.
[58] Steinunn Kristjánsdóttir, 1995b, bls. 45- 46.

Umhverfis miðaldakirkjuna og núverandi kirkju er kirkjugarður sem virðist eiga sér tvö tímaskeið. Í því fyrra snúa grafirnar austur/vestur, líkt og rústir miðaldakirkjunnar, en í því síðara snúa þær í sömu átt og núverandi kirkja, þ.e.



Mynd 4. Fjögur byggingarskeið húsarústanna í Viðey (teikning: Steinunn Kristjánsdóttir, 1995).

norðaustur/suðvestur. Stór og mikil bygging er talin hvíla ofan á skálanum og miðaldarústum og tilheyrir hún því byggingarskeiði 3. Talið er að þetta séu rústir frá því að sjúkrahælið var rekið í eynni á 17.öld. Göng voru seinna gerð í gegnum norðurvegg hælisins og húsinu breytt í gangabæ og hefst þar byggingarskeið 4. Gripir sem þar hafa fundist, s.s. múrsteins- og krítarpípubrot, benda eindregið til 18. aldar.[59] Rústirnar í Viðey standa saman af mjög flóknu byggingarmynstri og erfitt er að greina nákvæmleg skil á milli byggingaskeiða,- enda ekki furða þar sem búseta spannar um 1000 ár. Enn hefur ekki verið unnið úr öllum teikningum sem gerðar hafa verið á meðan á fornleifarannsókninni stóð en myndin hér fyrir ofan sýnir mögulega skiptingu húsanna eftir tímabilum.

[59] Steinunn Kristjánsdóttir, 1995b, bls. 45-46.

Skráning og forvarsla á gripum fór fram samhliða uppgreftinum og áfangaskýrslur gefnar út ár hvert. Einnig hafa ýmsar greiningar verið gerðar við þessa rannsókn, m.a. jarðsjármælingar, textílgreiningar, rannsóknir á einstökum gripum, beinagreiningar og frjókornagreining.[60]

Í miðaldasamfélagi Íslands var landbúnaður undirstaðan og því hafa dagleg störf fólks verið að miklu leyti hin sömu hvert sem litið var. Búin þurftu að vera að mestu leyti sjálfbær þar sem allt sem náttúran gaf var nýtt til fullnustu. Þetta átti við um Viðey, en í klaustrinu hefur þó verið innfluttur matur á borðum.[61]

Við uppgröftinn hefur einnig fundist mikill fjöldi gripa eða um 15.000 skráðir gripir og brot sem tengjast mismunandi tímabilum.[62] Mikið er af vaðmálsleifum og vefnaðarleifum tengdar klæðnaði í miðaldarústum Viðeyjarklausturs og bendir það til þess að þar hafi verið unnið að klæðagerð í húsum klaustursins.[63] Samkvæmt þessum gripum hafa íbúar klaustursins stundað vefnaðarvinnu á miðöldum, líkt og nunnurnar á Klaustri. Það virðist þó vera sem að meiri áhersla hafi verið á klæðagerð, frekar en kirkjubúnað af ýmsum gerðum. Flestir gripanna tengjast daglegu lífi eða starfi og eru m.a. vaðsteinar, sleggjur, brýni, snældusnúðar, kljásteinar, kross o.fl., en einnig hafa fundist nokkrir gripir tengdir ritstörfum, m.a. innsigli, leðurhylki og vaxtöflur.[64] Nokkrir gripir fundust sem tengjast dægradvöl, m.a. kotrutöflur, teningar, taflmenn og taflborð.[65] Svo virðist því vera sem munkarnir í Viðey hafi stytt sér stundir við tafl og teningaspil þrátt fyrir annríki.

4. Dægradvöl á Íslandi

Áður en verður fjallað um þá gripi sem tengjast dægradvöl og fundist hafa á klausturstöðunum þremur, þ.e. á Kirkjubæ, Skriðu og í Viðey, er mikilvægt að skoða viðhorf til dægradvalar, eins hvers konar tómstundir voru stundaðar á miðöldum hérlendis og í nágrannalöndunum. Í þessum kafla verður því farið stuttlega yfir sögu dægradvalar á Íslandi. Sérstaklega verður fjallað um helstu borðspil landsmanna í gegnum tíðina, sem eru hnefatafl, kotruspil og skák.

[60] Steinunn Kristjánsdóttir, 1995b, bls. 36.
[61] Margrét Hallgrímsdóttir, 1993, bls. 119.
[62] Steinunn Kristjánsdóttir, 1995b, bls. 38.
[63] Margrét Hallgrímsdóttir, 1993, bls. 123.
[64] Margrét Hallgrímsdóttir, 1989, bls. 70.
[65] Fundaskrá Viðey 1987- 1995.

4.1. Spil og leikir í aldanna rás

„Iðjuleysi er óvinur sálarinnar“ sagði heilagur Benedikt í reglum sínum. Hann gerði ekki ráð fyrir því að munkar ættu sér líf fyrir utan bænahald og búrekstur. Hann bjóst ekki við þeir ættu sér tómstundir á við taflmennsku eða aðra skemmtun.[66] Það þarf ekki endilega að vera að heilagur Benedikt telji tafliðkun vera merki um iðjuleysi, því að tefla þjálfar hugann. Hann hefur eflaust ekki verið mótfallinn því vegna þess að eitt af því mikilvægasta sem þegnar hans stunduðu fólst einmitt í því að hugleiða.

Lengi hafa Íslendingar teflt sér til dægrastyttingar og er þess víða getið í fornsögum og fornum kvæðum. Það er þó ekki alltaf greinilegt hvers kyns tafl er um að ræða. Orðið tafl hefur verið notað langt fram eftir öldum sem samheiti yfir ýmsa leiki og spil sem leikin voru á borði með svokölluðum leikmönnum og/eða teningum. Fyrir utan nútíma skákina eins og við þekkjum í dag, má m.a. nefna hnefatafl, myllu, kotru, damm og refskák. Allir þessir leikir voru vinsælir á Íslandi öldum saman og greinir frá í heimildum þegar fólk greip í tafl þegar það var í fríi frá vinnu, t.d. á sunnudögum og hátíðisdögum.[67]

Eggert Ólafsson fjallar lítillega um dægradvöl í Ferðabók þeirra Bjarna um Ísland á árunum 1752-1757. Hann nefnir einna helst skáktafl, kotru, myllu, goðatafl og spil en einnig að menn stunduðu glímu og lásu íslenskar sögur sem var hvað vinsælast. Þrátt fyrir að spila margskonar teningaspil lögðu menn ekki peninga undir í spilum á Íslandi líkt og þekktist í nágrannalöndunum. Vestfirðingar þóttu miklir skákmenn en þar voru bændur jafnt sem æðri menn taldir upp í þeim flokki. Ekki var mikið um skemmtanir, heldur kaus fólk frekar að stytta sér stundir við að lesa íslenskar sögur.[68]

Dægradvöl er heiti yfir það sem við ákveðum að eyða frítíma okkar í en Íslensk orðabók skilgreinir dægradvöl sem dægrastyttingu eða gestaþraut.[69] Margt getur flokkast undir dægradvöl en það hlýtur að vera mismundi fyrir hvern einstakling hvað hann vill aðhafast á daginn utan vinnutíma, sér til skemmtunar. Það má m.a. nefna spil, leiki, lestur, íþróttir og margt fleira. Á miðöldum á Íslandi var ekki hægt að horfa á sjónvarp, fara á netið eða spila tölvuleiki líkt og er vinsælt nú á 21. öldinni en fólk fann sér eflaust ýmislegt til dundurs, t.d. spila

[66] Gunnar F. Guðmundsson, 2000, bls. 238.
[67] Jón Þ. Þór, 2001, bls. 13.
[68] Eggert Ólafsson, 1981, bls. 33, 125,320-321.
[69] Mörður Árnason, 2002, bls. 247.

spil eða tafl, lesa bækur, sauma út, prjóna o.fl. En líkt og annað fólk hljóta klaustursbúar einnig viljað stytta sér stundir af og til, þó svo að bænahald og rekstur klaustursins hafi stjórnað lífi þeirra að mestu. Það sem hlýtur þó að hafa skipt máli í því sambandi er umhverfi hvers og eins og hvað það hafði upp á að bjóða. Þar sem klaustrin voru lokuð umheiminum hafa klausturbúar þurft að nýta sér þá menningu klaustranna sem var að einhverju leiti staðbundin.

4.2. Hnefatafl

Fyrsta þekkta taflið sem var spilað hér á landi er hnefatafl en það var spilað á víkingaöld á Íslandi sem og í nágrannalöndum. Germanskar þjóðir námu skákíþróttina af Rómverjum og talið er að taflið hafi borist til Norðurlandabúa með klassískum menningarstraumum á 3.-4. öld, en þá byrja teningar og spilatöflur að verða algengir fundir. Á Norðurlöndunum hafa fundist fjöldi slíkra gripa frá víkingaöld sem endurspegla taflíþrótt fornmanna. Í Noregi eru gripirnir ekki algengir, nema í kumlum höfðingja og telja menn það vera vott velmegunar.[70] Gripir úr hnefatafli hafa fundist víðsvegar um Íslands, m.a. í bæjarrúst á Skeljastöðum, í skálarústum Skallakots, í goðatóftum í Papabýli, á Granastöðum o.s.frv.[71] Spilatöflurnar geta verið úr gleri, leir eða steini en oftast eru þær gerðar úr beini. Þær íslensku eru úr beini, íslenskum steini og ein er gerð úr brenndum leir. Þær eru sumar kúptar að ofan og líkjast hálfri kúlu, en flestar hafa lítinn brodd upp úr toppnum. Þetta á við um bæði steintöflurnar og beintöflurnar. Annars eru þær töflur úr hnefatafli sem hafa fundist um öll Norðurlönd svo líkar að ekki er hægt að rekja þær til þrengra svæðis.[72]

Mynd 5. Hnefataflið úr Baldursheimskumlinu í Mývatnssveit (mynd: Kristján Eldjárn, 2000).

[70] Grieg, 1947, bls. 24 og 54;Petersen, [án árs], bls. 84.
[71] Kristján Eldjárn, 2000, bls. 415-416.
[72] Kristján Eldjárn, 2000, bls. 416 og 418.

Það hafa fundist spilatöflur og teningar í þremur kumlum á Íslandi. Þekktasti fundurinn mun þó vera sá úr Baldursheimskumli í Mývatnssveit, en þar eru spilatöflurnar úr hval- eða rostungstönn frá 10. öld (mynd 5). Í taflinu eru 24 töflur, lítið útskorið mannslíkan og teningur úr stórgripslegg. Mannslíkanið er talið hafa verið notað sem hnefi í hnefataflinu, en um hann er einmitt keppt í þessu forna spili.[73]

Nú hefur hnefataflið verið endurútgefið en deila má um hvort leikreglurnar séu nákvæmlega þær sömu og á víkingaöld. Hér verður ekki farið ítarlega í leikreglurnar, en í meginatriðum er þetta tveggja manna spil þar sem einn hefur það hlutverk að sækja en hinn að verja og hörfa. Taflmönnunum eða spilatöflunum, ljósum að lit, er raðað á merkta reiti á taflborðinu, sem eru á fjórum hliðum borðsins. Hnefinn er settur í miðjuna og umkringdur sínum spilatöflum sem eru í dökkum lit. Hlutverk þeirra dökku er að vernda hnefann og koma honum út á brún, en hlutverk þeirra ljósu er að umkringja hnefann svo hann komist hvorki lönd né strönd. Það má færa alla leikmenn eins, bæði beint áfram eða aftur á bak og á ská.[74]

Talið er að hnefataflið hafi liðið undir lok á 12. öld þegar skákin ruddi sér til rúms.[75] Á svipuðum tíma kom kotruspilið, en töluvert af kotrutöflum hafa fundist í fornleifum hér á landi og er því ástæða til að fjalla stuttlega um þetta ágæta teningaspil.

4.3. Kotruspil

Kotruspil eða kotra er talið hafa borist til Íslands á 12. öld, frá Frakklandi og var það vinsælt meðal landsmanna.[76] Kotruspil eða *backgammon* -eins og það er betur þekkt- er ævafornt teningaspil, en elsta slíka spilið sem hefur fundist í fornleifum kemur frá Íran og er talið vera 5000 ára gamalt.[77]

Mynd 6. Kotruspil sem varðveittist úr braki sænsks herskips frá 17. öld (mynd og texti: Backgammon, [án árs]).

[73] Kristín Huld Sigurðardóttir, 2004, bls. 73.
[74] „Hnefatafl“, 1980, bls. 9.
[75] Jón Torfason, 1988c, bls. 15.
[76] Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur, 1887, bls. 307.
[77] Latest Iranian News and Iranian Culture Journal, [án árs].

Refskák, damm og mylla voru einnig spiluð hér á landi, og voru þá notaðar spilatöflur eða kúlur úr tré eða beini.[78] Kotra var talið helsta teningaspil Íslendinga en þess er getið í fornsögum að mönnum hafi þótt þetta einkar skemmtilegt spil. Þegar leið á 19. öldina var kotra þó ekki algengt borðspil.[79]

Kotra er tveggja manna teningaspil, leikið á svokölluðu kotruborði sem er með 24 reiti (mynd 6). Leikmenn hafa 15 samlitar, kringlóttar töflur hvor og spila með tveimur teningum. Markmiðið með leiknum er að koma sínum töflum útaf borðinu, en þær færast á milli reita eftir þeim tölum sem teningarnir gefa upp.[80] Kotrutöflurnar eru annaðhvort úr tré, beini eða tönn. Teningarnir eru venjulegir með sex köntum, úr beini eða tönn, en taflborðið sjálft er úr tré.[81]

Kotra er spiluð enn í dag og er því sennilega vinsælasta teningaspil allra tíma þar sem það hefur verið spilað í um 5000 ár.

4.4. *Skák*

Skák eða skáktaflið er talið eiga uppruna sinn í Austurlöndum en hefur síðar borist með aröbum til Evrópu snemma á miðöldum. Í evrópskum ritum er þess fyrst getið á 11. öld og voru Spánverjar og Ítalir fyrstir Evrópubúa til þess að nema listina af aröbum. Talið er að skáklistin hafi komið til Íslands um 1200.[82] Það er ekki vitað með vissu hvort skáklistin barst hingað til lands frá Englandi eða Norðurlöndunum, en mikið hefur verið rætt um uppruna orða sem eru notuð í skák. Orðið *hrókur* er *rook* á ensku, en *tarn* á dönsku. *Biskup* er *bishop* á ensku og löber á dönsku. Hins vegar kallaðist *riddari*, *ridder* á dönsku á 17. öld, orðið *skák* á uppruna sinn að rekja í þýsku og er þar ritað *schach*.[83] Ein útskýring á þessu gæti verið vegna opinna landamæra landsins. Siglingaflotar bárust hingað til lands frá Englandi og Norðurlöndum og námu land á mismunandi stöðum. Þeir kynna skákina fyrir ábúendum og nota sitt hvort tungumálið við það, en þannig geta heitin á taflmönnunum síðar hafa blandast. Því er því erfitt að segja til um hvort Íslendingar hafi lært skák af Englendingum eða Norðurlandabúum.

Nokkrar sögur eru þekktar um uppruna skákarinnar. Ein slík kemur fram

[78] Gyða Gunnarsdóttir, 2004, bls. 359.
[79] Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur, 1887, bls. 306-307.
[80] „Þar er“, 1977, bls. 8-9.
[81] Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur, 1887, bls. 309.
[82] Jón Þ. Þór, 2001, bls. 13.
[83] Jón Torfason, 1988a, bls. 14.

í arabískri frásögn frá 9. öld. Þar er sagt frá dauðsfalli sonar drottningar einnar á Indlandi en enginn í landinu þorir að segja henni frá því. Þá er fenginn til þess spekingur einn er Quaflan hét en hann lét smíða borð með 64 reitum og skákmenn. Hann kenndi lærisveinum sínum leikreglurnar og kallaði leikinn *stríð án blóðsúthellinga*. Dag einn kom drottning að þegar þeir voru að spila og það vildi svo til að rétt í því mátaði annar hinn og sagði: „skák mát“ sem þýðir *konungurinn er fallinn*. Þá áttaði drottning sig á því að sonur hennar hefði fallið í bardaga.[84] Hugsanlega hafa taflmennirnir í tafli Quaflans litið út eins og þeir á mynd 7.



Mynd 7. Elstu þekktustu taflmenn heims koma frá Persíu, frá 9. öld. (mynd og texti: Ancient chess, [án árs]).

Í öðrum sögnum er sagt frá því að skákin hafi verið fundin upp til þess að kenna ungum prinsum hernaðarlist eða að konungur einn hafi notað það til þess að sýna öðrum konungum að hægt væri að leysa deilur á friðsamlegan hátt, í stað blóðsúthellinga. Hvað sem slíkum sögnum líður þá er sennilegast að skáktaflið hafi verið fundið upp á Indlandi, líklega á 6. eða 7. öld e.Kr. Þaðan barst það til Kína og Japan, norður til Rússlands og vestur yfir Persíu og Arabaríkin í Litlu-Asíu og Norður-Afríku til Evrópu.

Íslenskar ritheimildir um skák á miðöldum eru af ýmsu tagi og er þá oftast talað um skáktafl, en þar má m.a. nefna kennslurit, skákdæmasöfn og siðfræðileg verk, en þar kemur skákin fyrir í dæmisögum eða líkingum. Einnig eru til sagnfræðileg rit, sögur, ferðabækur og erfðaskrár sem segja frá skákiðkun.[85] Skáktaflsins er víða getið í íslenskum fornsögum, m.a. Íslendinga sögum, Biskupa sögum, Riddara sögum, Sturlungu og Heimskringlu. Það er þó ekki víst að þar hafi menn teflt þá skák sem tíðkast í dag, en ýmis afbrigði voru til af taflinu (eins og áður hefur komið fram) og leikreglurnar voru á reiki. En hinsvegar koma fyrir í fornsögunum nokkur skákorð sem enn þekkjast, m.a. sögnin að *skáka*, orðið *fingurbrjótur* og *mát*, og hugtakið *að tefla manni í uppnám*.[86] Að eigast við í skák virðist hafa verið vinsælt meðal biskupa í landinu en ýmislegt finnst ritað um spilamennsku þeirra í fornritum og sóknarlýsingum. Biskuparnir voru ekki þeir einu sem kunnu að tefla, heldur var

[84] Jón Torfason, 1988a, bls. 14.
[85] Jón Torfason, 1988a, bls. 14.
[86] Jón Þ. Þór, 2001, bls. 13.

það þekkt í útlöndum að hvaða bóndi sem var gæti spilað skák á Íslandi.[87] Hér er þó sennilega átt við taflskákina sem var tefld fyrir miðaldir, en ekki þá skák sem við þekkjum í dag.

Í rituðum heimildum er greint frá efnivið og gerð taflborða og taflmanna. Taflborðin voru gerð úr samanreknum fjölum og á þær voru ristar línur með hníf sem síðan voru litaðar með bleki, líkt og eina taflborðið sem hefur varðveist á Íslandi en það fannst í Viðey. Svörtu reitirnir voru litaðir með bleki eða sóti, en þegar mikið var teflt áttu þeir til að mást af og því varð mjög erfitt að greina svörtu reitina frá þeim hvítu. Á það einnig við um taflborðið frá Viðey. Taflmennirnir voru smíðaðir úr tré eða beini og úr rostungstönnum sem var fínasta efnið en jafnframt sjaldgæft sökum þess hversu dýrt það var (sjá mynd 8). Taflmennirnir voru renndir eða tálgaðir og oftast frekar einfaldir að gerð. Saga er til af taflmanni einum úr hvalbeini sem fannst á Borg í Mýrum og er talinn hafa verið í eigu Egils Skallagrímssonar. Þeir sem eru tregir til að trúa því að menn hafi kunnað að tefla á landnámsöld telja að þarna sé á ferð goðalíkneski. Því miður er ekki hægt að úrskurða um þetta mál því þessi umræddi taflmaður er nú öllum glataður.[88] En trúa því sem trúa vilja, hinsvegar er mögulegt að þarna hafi verið á ferðinni hnefi úr hnefatafli.

Mynd 8. Taflmenn úr rostungstönn og hvalbeini fundust í Skotlandi, en hafa verið gerðir í Noregi á seinni hluta 12. aldar (mynd og texti: British Museum, [án árs]).

Í fyrstu var skáklistin einkum iðkuð af hærri stéttum samfélagsins, m.a af konungum, hirðmönnum konungs og höfðingjum. Kirkjan var í fyrstu mótfallin tafli ýmiskonar, líkt og öðrum spilum en barðist þó ekki hart gegn slíkri iðkun því á 13. öld eru til ritheimildir er segja frá skákiðkun í klaustrum. Í háskólum var einnig teflt og spiluð ýmis teningaspil. Skákin breiddist smám saman út til annarra stétta og undir lok miðalda var hún vinsæl meðal hinna vaxandi borgarastéttar.[89] Um 1400 fóru Íslendingar að yrkja rímur og segja elstu rímurnar frá skemmtunum manna sem voru sögur, tafl, sund, dans og kvæði. Í íslensku fornbréfasafni er að finna ýmisleg skjöl frá þessum tíma, en þar er

[87] Íslenskar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur, 1887, bls. 276 og 278.
[88] Jón Torfason, 1989, bls. 7.
[89] Jón Torfason, 1988a, bls. 14.

nokkrum sinnum minnst á skáktafl, einkum þó í sambandi við erfðarmál, í máldögum kirkna og þegar taldir eru upp búsmunir. Taldir eru upp þeir bæir og kirkjur sem eiga skák og/eða kotru, þar má m.a. nefna Munkaþverá en munkarnir þar áttu skák um 1493 og Skálholt sem átti tannskák með borði og beinskák árið 1548. Þingeyrarklaustri var gefin tannskák um 1527-en spurning um hvort að nunnurnar þar á bæ hafi lært manngangin og gripið í tafl endrum og sinnum-. Þau dæmi sem tekin eru um skákeign í fornbréfasafninu koma frá mismunandi landsfjórðungum og því má ætla að töluverður áhugi hafi verið fyrir skáklistinni. Svokölluð búalög[90] greina frá kostnaðinum við að læra að tefla, en það kostaði 12 álnir að kenna skák og kotru sem hefur verið töluverð upphæð á þessum tíma. Því hefur fólk ekki einungis haft áhuga á skák, heldur einnig verið tilbúið að borga til að öðlast færnina sem fólst í því að skáka og máta.[91]

Mynd 9. Taflmenn frá Skandinavíu sem voru leiknir samkvæmt gömlu leikreglunum. Frá ca. 12. öld (mynd og texti: Ancient chess, [án árs]).

Skák var leikin með svipuðum hætti í Evrópu, en þó voru ýmis afbrigði af leikgangi taflmanna í gangi og t.d. átti hvert land eða hérað sitt eigið afbrigði eða stíl. Á síðari hluta 15. aldar breyttist manngangur drottningar og biskups og var um stund gerður greinarmunur á eldri leikhættinum og þeim nýja, en fljótlega var einungis leikið eftir þeim nýja. Þá fóru menn að rannsaka skák á kerfisbundinn hátt og fóru m.a. að semja og prenta skákbækur.[92]

Þegar lúthersk trú var tekin upp hér á landi var barist gegn öllum leikjum og skemmtunum og var ekki mikið annað gert en að vinna. Guðbrandur Þorlákssson Hólabiskup og Jón Vídalín Skálholtsbiskup predikuðu á móti lausung og leikjum, sá síðarnefndi kallaði skákina þarflausa dægrastyttingu, en ef skákin væri stunduð í hófi væri hún ekki bönnuð.[93]

Með píetismanum á 18. öld fylgdu mikil boð og bönn, m.a. voru bannaðar ónytsamar skemmtanir og leikir. Í fororðningu 1744 segir að öll taflmennska, leikir, hlaup, spil, gárungahjal og skemmtanir séu algjörlega bannaðar öllum,

[90] Búalög er safn verðlagsskráa frá miðöldum sem greinir frá verðlagi á margskonar búsáhlutum og þjónustu. Sjá Jón Torfason, 1988.
[91] Jón Torfason, 1988b, bls. 15.
[92] Jón Torfason, 1988a, bls. 14.
[93] Jón Torfason, 1989, bls. 7.

einum og sérhverjum án mismunar, að viðlögðu straffi sem helgidagsbrot áskilur. Tveimur árum síðar var prestum skylt að hafa auga með sóknarbörnum sínum og heimilisfólki sem fólst m.a. í því að áminna alla á bann gegn sagnalestri og kveðskap, eins áttu menn að halda sig frá öllum leikjum. Prestarnir fylgdu þessum skipunum misvel, sumir skrifuðu ritgerðir og fylgdust með hjörð sinni með vökulum augum meðan aðrir fóru vægar í sakirnar.[94] Ef til vill var þá mikið eyðilagt af þeim borðspilum sem tíðkuðust. Þar gæti verið skýring á því af hverju hafa ekki fundist fleiri taflborð í fornleifum en raun ber vitni. Hins vegar getur verið að fólk hafi reynt að nýta þau í eitthvað annað þar sem viður var talinn frekar verðmætt efni. Einnig má velta því fyrir sér hvort ekki hafi verið notað skinn í taflborðin, í stað viðarins, en það hefur verið þægilegt meðferðar að geta rúllað því upp að leik loknum.

Á 19. öld fóru bönn píetismans dvínandi enda voru ferskir vindar farnir að blása um þjóðlífið. Í sóknarlýsingum presta 1840 er lítið sagt frá leikjum þessa tíma, en þó virðist sem refskák og mylla hafi verið vinsælustu skáktöflin. Á stöku stað í blöðum frá 19. öld er minnst á skák eða tafl og því hefur það eflaust verið stundað að einhverju leyti, en aldrei var fjallað um skákina sérstaklega, heldur ekki hversu algeng eða útbreidd hún var. Eflaust hefur búseta manna haft áhrif á skákmennskuna, en Íslendingar bjuggu flestir í dreifbýli á þessum tíma og því var langt á milli góðra skákmanna. Helstu þéttbýli voru í verstöðvum en þar gátu landlegur varað dögum saman og þá gripu menn oft í tafl. Menn hafa eflaust ekki verið miklir snillingar í skák á þessum tíma því engar bækur voru til um skákreglur né kúnstir við að máta, slíkar bækur komu ekki fyrr en um 1900.[95]

Í langan tíma var skákin iðkuð að mestu í heimahúsum og lokuðum klúbbum. Skákkeppnir milli landa voru fátíðar en menn fóru þó stundum og tefldu við þekkta skákmenn í öðrum löndum. Á 19. öld verður skáklistin alþjóðleg og farið er að halda skákmót, einnig gefa út skákbækur og tímarit. Smám saman ná menn betri skilning á listinni og hún öðlast vísindalegan grundvöll.[96]

[94] Jón Torfason, 1989, bls. 7.
[95] Jón Torfason, 1989, bls. 7.
[96] Jón Torfason, 1988a, bls. 14.

5. Gripir

Ýmis konar leikmunir úr borðspilum hafa fundist við uppgrefti á Kirkjubæjar-, Viðeyjar- og Skriðuklaustri og tengjast því dægradvöl klausturbúa, þ.e. athöfnum öðrum en bænahaldi, spítalarekstri, bókagerð og vefnaði. Þessir gripir eru sem áður segir taflmenn, taflborð, kotrur og teningar. Í þessum kafla verður fjallað um hvern grip fyrir sig, auk þess sem myndir af nokkrum þeirra verða birtar.

5.1. Taflmenn

Alls hafa fundist fjórtán taflmenn í þeim þremur klaustur uppgröftum sem gerðir hafa verið á Íslandi; einn frá Kirkjubæ, einn frá Skriðu og tólf frá Viðey. Taflmaðurinn frá Kirkjubæ (mynd 10) fannst sumarið 2002 í húsi II sem er skilgreint sem klausturhús um siðaskipti. Það er þó ekki greinilegt í uppgraftarskýrslu hvort hann tilheyri yngra eða eldra byggingarlagi húsanna. En það yngra tilheyrir, sem fyrr segir, lokum miðalda og það seinna lokum 16. aldar eða byrjun 17. aldar. Í þeim jarðlögum sem tengdust þessu húsi fundust ýmsir gripir tengdir klaustrum og kirkjum, m.a. reiknispeningur, altarissteinar og brot úr meistaraglugga. Taflmaðurinn er gerður úr hörðum við, en á hann vantar efri hlutann og neðan á hann er ristur hringur.[97]

Mynd 10. Taflmaðurinn frá Kirkjubæjarklaustri (mynd: SARPUR, 2009).

Mynd 11. Taflmaðurinn frá Skriðuklaustri (mynd: Steinunn Kristjánsdóttir, 2009).

Taflmaður fannst á Skriðuklaustri sumarið 2008 og hefur hann verið skorinn út úr beini (mynd 11).[98] Hann er um 2 cm á hæð og rúmlega 1 cm á breidd. Af áferð hans að dæma er hugsanlegt að hann hafi verið unninn úr innsta efni beinsins, þ.e. beinfrauði,

[97] Fundaskrá Kirkjubæjarklausturs 2002, nr. 139; Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2006, bls. 38.
[98] Fundaskrá Skriðuklausturs 2007, nr. 2008-36-359.

en það er einmitt holótt líkt og taflmaðurinn. Hann fannst í úrgangasleifum í inngangi við hlið matsalarins í klausturhúsunum.[99]

Fimm taflmenn[100] frá Viðey eru nú á sýningu í Árbæjarsafni ásamt taflborði (mynd 12). Taflborðið fannst í skálarýminu.[101] Það er gert úr tré og á það hafa verið ristir reitir. Aðeins hluti taflborðsins er á sýningunni, hinn hlutinn er varðveittur í geymslum Árbæjarsafns. Í skálarýminu fundust einnig gripir tengdir ritstörfum, m.a. fimm vaxtöflur í leðurhylki frá 15. öld, innsiglisstimpill úr bronsi og borðainnsigli.[102] En skálinn var endurbyggður á 13. og 15. öld.[103] Taflmennirnir fimm eru skornir úr beini eða tré og eru þeir allir frábrugðnir hverjum öðrum að lögun. Þeir eru svipaðir að stærð fyrir utan einn sem er eilítið stærri en hinir og sést hann á mynd 12, lengst til vinstri, ofan á taflborðinu. Eflaust á hann að tákna annaðhvort konunginn eða drottninguna í taflinu. Hinir fjórir gætu táknað peð (sá efsti til vinstri), riddara (sá efsti til hægri), hrók (sá næstefsti) og biskup (sá neðsti). Þetta er aðeins tilgáta, byggð á lögun og formi nútíma taflmanna.

Mynd 12. Taflborðið og taflmennirnir fimm frá Viðey á sýningu á Árbæjarsafni (ljósm. höf.).

Tveir taflmenn af þessum fimm koma úr göngum sem tilheyra skálarýminu. Göngin eru talin hafa verið byggð á sama tíma og klaustrið var byggt, eða á fyrri hluta 13. aldar og voru í notkun allt fram til 18. aldar.[104] Sá þriðji fannst í neðra gólflagi í húsarúst frá 17. -18. öld, úr beini, sá fjórði í gólfskán í byggingu sem lá undir húsarústinni, úr tré og sá fimmti fannst í gólfskán í skálarýminu, úr tré.[105]

Annar taflmaður fannst í göngunum sem tilheyra skálarýminu og er úr beini (mynd 13).[106] Hann er 2 cm á hæð og er á smá fæti eins og sést á

[99] Steinunn Kristjánsdóttir, 2009, bls. 91.
[100] Fundaskrá Viðey 1995. Nr. V94- 812; V87- 6254; V87- 45925; V90- 315; V91- 1080; V90-1500.
[101] Fundaskrá Viðey 1987-95. Nr. V90-1500.
[102] Margrét Hallgrímsdóttir, 1989:70.
[103] Margrét Hallgrímsdóttir, 1993, bls. 59.
[104] Margrét Hallgrímsdóttir, 1993:78-80.
[105] Fundaskrá Viðey 1987-95 og Steinunn Kristjánsdóttir, 1996:28.
[106] Fundaskrá Viðey 1995. Nr. V89- 55663.

myndinni. Hugsanlega getur þetta verið önnur útgáfa af biskup. Taflmaður fannst í gólfskán í skálarýminu og er gerður úr tré[107] (mynd 14). Hann er líka 2 cm á hæð og líkist hróki eins og við þekkjum í nútíma tafli. Hann hefur klofnað ofan frá og nær sprungan alveg þvert yfir efsta hluta hans.

Mynd 13. Taflmaður sem fannst í göngum skálarýmis í Viðey (ljósm. höf).

Allir þessir gripir eru taldir frekar einfaldir að gerð og hafa að öllum líkindum verið gerðir á staðnum.[108] Athyglisvert er að sjá að þessir átta taflmenn eru ólíkir að lögun, þ.e. enginn þeirra er nákvæmlega eins. Það sem þeir eiga þó sameiginlegt er stærð þeirra, en allir eru þeir um 2 cm á hæð, fyrir utan einn sem er stærri og táknar því sennilega konunginn eins og áður hefur komið fram.

Mynd 14. Taflmaður sem fannst í gólfskán skálans í Viðey (ljósm. höf.).

Aðrir taflmenn sem hafa fundist við uppgröft í Viðey eru fimm talsins. Einn þeirra fannst í torffyllingu í rústum klausturhúsanna, úr tré, en í fundarskrá er hann merktur með „?“ sem mætti túlka svo að ekki er víst að þarna sé á ferðinni taflmaður.[109] Í efstu lögum klausturhúsanna fannst mikið af gler- og leirkersbrotum, mársteinum, nöglum og viðarspæni. Einnig fundust vaðsteinar, sleggjur og byssukúlur. Í neðri lögum klausturhúsanna fundust aðallega textílleifar og viðarbútar. Þar voru einnig leifar af ofni sem tilheyra byggingartíma klaustursins. Taflmaður úr tré fannst í torfi í göngum sem tilheyra klausturhúsunum.[110] Á sama stað fannst ekki mikið af gripum og voru þeir oft illa farnir. Þar má helst nefna unnið timbur, m.a. snælduhala, trélok, tappa og hæla, en einnig fundust þar snældusnúðar, kljásteinar og tréperla.[111] Þriðji taflmaðurinn er tálgaður úr grænum sandsteini[112] og fannst í skálarýminu, sá fjórði[113] er úr beini og fannst

[107] Fundaskrá Viðey 1995. Nr. V90-315.
[108] Margrét Hallgrímsdóttir, 1993, bls. 136.
[109] Fundaskrá Viðey 1995, nr. V95- 735.
[110] Fundaskrá Viðey 1995, nr. V93- 350.
[111] Steinunn Kristjánsdóttir, 1996, bls. 13 og 15-16.
[112] Fundaskrá Viðey 1995, nr. V88- 50660 og Margrét Hallgrímsdóttir, 1989, bls. 69.
[113] Fundaskrá Viðey 1995, nr. V89- 57262.

líka í skálarýminu. Sá fimmti fannst í búrinu og er úr beini.[114] Búrinu er skipt niður í tvö byggingarskeið en niðurstöður kolefnisaldursgreiningar benda til að það sé frá 1164-1275. Eins benda þeir gripir sem fundust þar til notkunar á 11.-16. öld, t.d. leirkerabrot og bökunarhellur.[115]

Hluti taflmannanna frá Viðey fundust í skálarýminu eða göngunum sem því tengjast. Þar fannst einnig taflborðið og má því ætla að þar hafi munkarnir dvalist einna helst við taflmennsku. Taflmennirnir frá klaustrunum þremur eru allir af mismunandi gerðum, þ.e.a.s. enginn er eins að lögun og má því telja að þeir hafi því leikið mismunandi hlutverk á taflborðinu.

5.2. Kotrur

Mynd 15. Kotran frá Skriðuklaustri (mynd: Steinunn Kristjánsdóttir).

Alls hafa fundist samanlagt sjö kotrur á Skriðuklaustri og Viðeyjarklaustri, en engin á Kirkjubæjarklaustri. Kotra fannst á Skriðuklaustri sumarið 2005 og er hún útskorin úr viði eða beini.[116] Hún er í heilu lagi, um 4 cm í þvermál, en virðist vera mikið handleikin (mynd 15). Hún fannst á svæði sem tilheyrir sjálfri klausturkirkjunni. Í sama jarðlagi fundust einnig naglar, tönn, dýrabein, glerbrot og sennilega koparfesting af bók.[117]

Mynd 16. „Hámerarkotran“ frá Viðey (ljósm. höf.).

Af þessum sjö kotrum fundust fimm[118] í Viðey, ásamt einu hámerarbeini[119] sem getur hafa verið notað í kotrutafli, sennilega vegna þess að það hefur afar mjúkar útlínur eða kanta líkt og það hafi verið mikið handleikið (mynd 16). Kotran er í raun hryggjarliður úr hámeri[120] og fannst sumarið 1994 í göngunum í skálarýminu, en hún er 2,3cm í þvermál. Slík hámerarbein voru oft notuð sem skreyti á göngustöfum, en þá er

[114] Fundaskrá Viðey 1995, nr. V89- 54844.
[115] Margrét Hallgrímsdóttir, 1993, bls. 73.
[116] Steinunn Kristjánsdóttir, 2007b, nr. 2005-36-0268.
[117] Fundaskrá Skriðuklausturs 2005.
[118] Fundaskrá Viðey 1995, nr. V87-6168; V87- 6255; V87- 6257;V87-6258;V90-1167.
[119] Fundaskrá Viðey 1995, nr. V94- 826.
[120] Hámeri er hákarlategund.

járnteini rekið í gegnum mænugöngin og þannig myndast göngustafur.[121] Það getur því verið að þarna sé á ferðinni eitt slíkt og hafi því ekki verið notað í kotrutafli.

Þrjár kotrur eru á Viðeyjar-sýningunni í Árbæjarsafni en þær fundust sumarið 1987 og eru allar heilar, gerðar úr beini (mynd 17).
Tvær þeirra fundust húsarúst frá 17. -18. öld og ein í lokræsi undir rústinni.[122] Lokræsið þjónaði þeim tilgangi að taka við þakleka og halda raka hússins í skefjum.[123]

Mynd 17. Kotrur og teningur frá Viðey á sýningu á Árbæjarsafni. (ljósm. höf.).

Einnig fannst brot af frekar stórri kotru sem líkist þessum á sýningunni, hún er um 6 cm í þvermál og er hún einnig gerð úr beini (mynd 18). Hún fannst í göngunum við skálarýmið. Kotra úr beini fannst í grafreitnum, sem liggur norðvestur af Viðeyjarstofu Aðeins ein kotra er af annarri gerð, þ.e. úr keramiki en hún fannst í skálagólfinu sumarið 1990. Hún er nú á Landnámssýningunni í Aðalstræti 16 (mynd 19).[124] Keramik kotran er 3,6 x 0,8 cm að stærð. Á henni má sjá munstur sem talið er vera blanda af Hringaríkis- og Úrnesstíl og því hefur hún verið gerð fyrir 1050. Hún er því elsta kotran sem fundist hefur hér á landi til þessa og bendir allt til þess að kotruspilið hafi komið hingað til lands fyrr en áður var haldið.[125] Hins vegar getur önnur ástæða komið til greina en hún er sú að kotran sé í raun spilatafla úr dammi -en óhætt er að segja að þær séu nánast eins. Damm er talið vera ævafornt, líkt og kotruspilið, eða frá 2000 f. Kr. Það er spilað á taflborði og því þarf ekki sérstakt borð til að leika það. Damm eins og það er þekkt í dag kom til Evrópu á 12. öld og var það spilað með 24 kotrutöflum.[126] Kotrurnar geta því í raun allar hafa verið notaðar í báðum þessum borðspilum.

Mynd 18. Kotrubrot sem fannst í göngum við skálarýmið í Viðey (ljósm. höf.).

[121] Lúðvík Kristjánsson, 1985, bls. 378;Steinunn Kristjánsdóttir, 1995a, bls. 32.
[122] Fundaskrá Viðey 1995, nr. V87-6168; V87- 6255; V87- 6257.
[123] Margrét Hallgrímsdóttir, 1987, bls. 22.
[124] Fundaskrá Viðey 1995, nr. V90-1167.
[125] Minjasafn Reykjavíkur, [árs ekki getið].
[126] Grunfeld, Vié, Williams og Bell, 1985, bls. 84.

Kotrutöflur hafa fundist víða á Íslandi, sumar með áletrunum á annarri hlið eða myndum.[127] Allar þessar kotrur eru keimlíkar, fyrir utan keramik kotruna sem sker sig greinilega úr, enda innflutt. Þær eru þó allar hringlaga. Samkvæmt aldursgreiningum á húsarústunum í Viðey er aðeins ein kotra frá klausturtíma, en hámerabeinið er einnig frá þeim tíma. Þá er spurning hvort að munkarnir hafi frekar viljað tefla en að spila teningaspil. Þeim hefur kannski fundist meira varið í að reyna á gáfur og kænsku en heppnina eina saman, eins og teningaspil ganga út á.

Mynd 19. Keramik- kotran frá Viðey (mynd: Steinunn Kristjánsdóttir).

Í kotruspili þurfti að nota tenginga til þess að segja til um hversu marga reiti mætti færa kotrurnar. Nokkrir slíkir hafa fundist við fornleifarannsóknir á miðaldaklaustrum á Íslandi.

5.3. Teningar

Alls hafa fundist fjórir spilateningar í klaustrunum þremur, ásamt einum teningslaga steini sem fannst í gröf nr. 48 í kirkjugarðinum á Skriðuklaustri.[128] Teningarnir frá Skriðuklaustri fundust í klausturkirkjurústinni og eru þeir báðir úr beini (mynd 20).[129] Teningarnir eru 1x1x1 cm að stærð, líkt og allir hinir teningarnir. Á sama svæði fannst einnig töluvert af beinum, glerbrotum, nöglum, blýi, málmstykkjum með skreytingu og hámerarbein. Hugsanlega hefur hámerarbeinið sem fannst á sama svæði verið notað sem kotra, en í kirkjurústunum fannst ein venjuleg kotra eins og var greint frá í kafla 5.2.[130] Gildismörk þessara teninga hafa verið boruð í og síðan sennilega verið lituð með bleki eða kolum. Þeir fundust báðir innan veggja klausturskirkjunnar.[131]

Mynd 20. Teningar frá Skriðuklaustri (mynd: Steinunn Kristiánsdóttir. 2009).

[127] Bjarni Einarsson, 2007, bls. 136-137.
[128] Fundaskrá Skriðuklausturs 2007, nr. 2007-36-1696.
[129] Steinunn Kristjánsdóttir, 2006, nr. 2006-36-0619.
[130] Steinunn Kristjánsdóttir, 2007c, nr. 2008-36-0012.
[131] Fundaskrár Skriðuklausturs 2006 og 2007.

Tveir teningar koma frá Viðey, annar úr beini (mynd 21) en hinn sennilega úr fílabeini (mynd 17).[132] Sá fyrri fannst í ónstofunni en þar fannst einnig tálgaður gripur sem líkist einna helst bát sem hefur sennilega verið leikfangabátur.[133] Fílabeinsteningurinn er innfluttur en hann fannst í elstu lögum skálarýmis.[134] Á hliðum fílabeinsteningsins fundust leifar af járni sem bendir til þess að blek með blóðrauða hafi verið notað til þess að lita gildismörk teningsins en þau hafa verið boruð[135], líkt og á spilateningunum frá Skriðuklaustri. Gildismörk beinteningsins frá Viðey (á mynd 21) eru eins og á nútíma teningi sem er 1 á móti 6, 2 á móti 5 og að lokum 3 á móti 4. Reglan er sú að tölur á mótsvarandi hlið eigi að fá útkomuna sjö ef þær eru lagðar saman. En eins og sést á myndinni af teningunum frá Skriðuklaustri eru gildismörkin ekki þannig á teningnum sem er nær, en þar sést að 6 er við hliðina á 1. Gildismörkin á teningnum fyrir ofan gætu hins vegar verið eftir settum nútímareglum. Hvenær ætli þessar reglur hafi verið settar um gildismörkin, en það er greinilegt að í einhvern tíma hefur sá sem bjó til teningana ákveðið sjálfur hvar gildismörkin ættu að vera á teningnum.

Mynd 21. Teningur úr beini frá Viðey (ljósm. höf.).

Samskonar gripir sem var lýst í kafla 5., hafa fundist víða á Norðurlöndum, m.a. í miðaldarústum Helgeandsholmen í Svíþjóð. Helgeandsholmen er eyja við Stokkhólm og var þar áður svokallað


Mynd 22. Gripir frá Helgeandsholmen í Svíþjóð, frá 13.-14.öld (mynd: Dahlbäck, 1982).

[132] Fílabeinsteningurinn er í Fundaskrá Viðey 1995, nr. V88-53141, en ekki finnst neitt fundarnúmer fyrir fyrri teninginn sem skráður er úr beini.
[133] Margrét Hallgrímsdóttir, 1989, bls. 70.
[134] Samkvæmt fornleifaskýrslum Viðeyjarrannsókna 1989-1990 og cand. Mag. ritgerð Margrétar Hallgrímsdóttur 1993 (bls. 136) fannst teningurinn í búrinu, en ekki skálarýminu. Samkvæmt skráningakerfi rannsóknarinnar, fannst hann þó greinilega innan skálarýmisins.
[135] Margrét Hallgrímsdóttir, 1993, bls. 136.

Helgeandshus eða *Hús hins heilaga anda*, eins og það kallast á íslensku. Helgeandshus var spítali og elliheimili fyrir bæði ríka og fátæka fólkið. Á eyjunni voru líka miðaldakirkja, kirkjugarður og lítið klaustur.[136] Ýmsir gripir tengdir dægradvöl fundust við uppgröftinn sem líkjast mjög þeim sem hafa fundist hér á Íslandi (mynd 22). Þessir gripir eru teningar og kotrur, en einnig fannst þar hálfur taflmaður. Á meðal æðri stétta í Svíþjóð var mjög vinsælt að spila skák um 1100.[137] Í Helgeandsholmen dvaldist fólk af mismunandi stéttum og gat því hver sem er hafa spilað teningaspil eða skák með þeim gripum er fundust á svæðinu.

Það sem einkennir alla þessa gripi sem var lýst í kafla 5, er að þeir finnast flestir einir á stangli, en ekki margir saman. Sennilegast hafa þeir dottið á bak við innanstokksmuni og aldrei verið bjargað þaðan. Hins vegar getur útskýringin verið sú að munkarnir hafi átt sér uppáhalds leikmann eða kotru og því gengið með þá gripi á sér. Síðan hafa þeir geta misst þá úr klæðum sínum. Fyrir frekari útskýringu á dreifingu gripanna má sjá fylgiskjöl I og II. En ekki var hægt að staðsetja taflmanninn frá Kirkjubæjarklaustri í neitt ákveðið rými klausturþyrpingarinnar.

Tveir innfluttir gripir eru í þessu safni; keramik-kotran og fílabeins-teningurinn frá Viðeyjarklaustri. Hugsanlega hefur einhver munkanna í Viðey flutt teninginn með sér til Íslands, eða hann hafi verið gjöf frá erlendum klausturbræðrum. Efniviður teningsins bendir til þess að hann hafi ferðast langa leið, alla leið frá Afríku eða Asíu. Kotran getur hins vegar hafa borist hingað með víkingum á 11. öld. Hinir gripirnir eru allir gerðir á staðnum, úr beini eða tré. Það þýðir að einhver hefur þurft að búa þá til og eflaust hefur sá hinn sami fundið einhverja skemmtun í því að tálga eða skera þá út.

6. Umræða

Nú hefur verið gerð útlitslýsing á flestum þeim gripum sem tengjast dægradvöl úr klaustrunum þremur, auk þess sem greint hefur verið frá rannsóknum á þeim til þessa. Útlitslýsingar gera hins vegar ekki mikið annað en að upplýsa um hið augljósa, þ.e. að breyta myndum í orð. Samkvæmt umræðunni um efnið og efnisveruleikann í fyrsta kafla má því segja að þetta hafi verið lýsing á hinum

[136] Dahlbäck, 1982, bls. 446.
[137] Dahlbäck, 1982, bls. 257-258.

efnislegu eiginleikum hlutanna, eða hinu hlutbundna og áþreifanlega. Hins vegar er það hið óhlutbundna og táknræna merking gripanna sem að getur sagt okkur meira um það hvað þeir stóðu fyrir og hvernig þeir voru nýttir. Engu að síður er tilvist hins hlutbundna alltaf mikilvæg vegna þess að án þess er efnisveruleikinn ekki til staðar, eins og var greint frá í fyrsta kafla. Saman búa tveir þættir til birtingarmynd af viðfangsefni fornleifafræðinnar hverju sinni, sem er í þessu tilviki, dægradvöl í miðaldaklaustrum. Birtingarform dægradvalar í klaustrunum þremur er svipuð, þó með nokkrum undantekningum.

Efnisveruleiki hannyrða systranna á Klaustri má túlka sem sérhæfða bænagjörð þeirra.[138] En eins og áður sagði þá notuðu þær ákveðna þræði þegar þær fóru með ákveðnar bænir. Hugsanlega mætti þó einnig túlka hannyrðirnar sem eitt birtingarform dægradvalar, þar sem allt bendir til þess að þær hafi ekki stytt sér stundir við tómstundir á við tafl eða teningaspil. Það er ekki ólíklegt að ímynda sér að þær hafi einnig haft gaman af því að ræða hvor við aðra um sínar innri hugsanir og málefni líðandi stundar.

Hvað varðar munkaklaustrin tvö; Skriðu- og Viðeyjarklaustur, virðast gripirnir benda til þess að þar hafi farið fram samskonar dægradvöl. Á báðum þessum stöðum voru stunduð ritstörf, en athafnir tengdar þeim geta hafa haft eitthvert skemmtanagildi fyrir munkanna, t.d. að gera skreyti á bækur eða að rita texta á skinn. Einnig birtist dægradvölin þar á bæ í formi félagslegra athafna, á við taflmennsku og að spila teningaspil. Það er þó greinilegt að á Skriðuklaustri hefur fundist töluvert minna magn af leikmunum heldur en í Viðeyjarklaustri.

Mannfræðingurinn Lévi-Strauss sagði að hlutir væru ekki til staðar til þess að þjóna notagildi sínu né augljósu hlutverki sínu, heldur skipti táknrænt hlutverk þeirra meira máli svo maðurinn geti fundið tilgang í menningarlegu umhverfi sínu.[139] Baudrillard er sammála Lévi-Strauss hvað varðar mikilvægi hins óhlutbundna og segir að gripir eigi að vera skilgreindir út frá táknrænni merkingu sinni, en ekki út frá notagildi eða verðleikum.[140]

Lévi-Strauss trúir því að hlutir eigi sér sess í menningarlegu samhengi þar sem staðlar og norm hafa áhrif á merkingu þeirra. Dæmi um slík áhrif er krossinn sem trúartákn. Ef það væri mögulegt að hreinsa þá menningarlegu vitneskju um krossinn úr vitum okkar væri hann í raun aðeins tveir viðarbútar settir saman í miðjunni og mynduðu 90° horn. Fyrir þá sem eru kristinnar trúar

[138] Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson, 2009, bls. 52.
[139] Woodward, 2007, bls. 67.
[140] Woodward, 2007, bls. 74.

er krossinn svo miklu meira en bara viðarbútar, hann er sögulegt og jafnframt merkasta tákn kristinnar trúar.[141] Það er einmitt út af þeirri vitneskju sem við höfum um samfélag og menningu sem við þurfum að vera meðvituð við túlkun á efnismenningu í fornleifum. Þó svo að taflmennirnir og kotrurnar hafi verið gripir notaðir í borðspilum geta þeir jafnframt hafa táknað eitthvað meira fyrir klausturbúa, líkt og krossinn fyrir kristna menn. Aðrir kunna að sjá þá einungis sem tálgaða viðarbúta eða bein.

Gripir geta verið okkur mikilvægir og verðmætir á marga vegu. Þeir geta bæði haft mikilvægt notagildi, en það sem skiptir ekki síður máli eru þau tilfinningalegu tengsl sem við höfum við einhvern ákveðinn grip. Við tengjum t.d. oft einhvern ákveðinn viðburð eða ákveðna minningu við gripi. Í því felst einmitt þessi táknræna merking gripa og í því samhengi má því einnig tala um tvíræðni gripa. Tvíræðni gripa snýst einmitt um þetta, þ.e. að hafa tvær mismunandi merkingar. Augljóst notagildi gripanna frá klaustrunum þremur var ‚- að spila spil-. Það er þó mögulegt að þeir hafi einnig haft táknrænt gildi fyrir íbúa klaustranna. Ef til vill áttu þeir þátt í að einstaklingar gátu hugsað um eitthvað annað en t.d. vinnu sína og öllu því amstri sem hversdagsleikinn hafði í för með sér. Kannski fundu þeir fyrir einhverri hugarró við það að grípa í borðspil í góðum félagsskap bræðranna.



Mynd 23. Göngustafir sem gerðir voru að hluta úr hámerarbeinum (mynd: Lúðvík Kristjánsson, 1985).

Einn og sami gripurinn getur einnig þjónað margræðum tilgangi, eins og t.d. hámerarbein. Það þjónar hinu augljósa notkunargildi sínu sem er að vera hluti af hrygg hákarlsins, einnig nýttist það sem skreyti á göngustafi (sjá mynd 23) eða sem sparlakshringir, þ.e. hringir til að halda lokrekkjum uppi.[142] Að lokum getur verið að hámerabein hafi verið notuð sem kotrutöflur í kotruspili eða dammi, eins og lagt hefur verið fram í kafla 5.2. Það er ekki ólíklegt að fólk hafi gripið það sem hendi var næst þegar t.d. kotrur höfðu

[141] Woodward, 2007, bls. 65.
[142] Lúðvík Kristjánsson, 1985, bls. 378.

glatast úr spilinu. Á tímum þar sem lítið var til af veraldlegum hlutum hlýtur fólk að hafa nýtt sér það sem var að finna í umhverfinu. Það var ekki hægt að skjótast út í búð og kaupa það sem upp á vantaði hverju sinni.

Mynd 24. Unnið hámerarbein frá Skriðuklaustri (mynd: Steinunn Kristjánsdóttir, 2009).

Á Skriðuklaustri hefur aðeins ein kotra fundist til þessa en þar hefur fundist þó nokkuð af hámerarbeinum sem hafa verið meðhöndluð eða unnin að einhverju leyti (sjá mynd 24).[143] Það er hugsanlegt að þar hafi munkarnir frekar notað slík bein í borðspilum, í stað venjulegra kotrutaflna.

Annað dæmi um tvíræðni er klausturvefnaður systranna á Kirkjubæjarklaustri. Vefnaðurinn er það sem hann er, kirkjuhandverk, en í senn er hann tákn bænagjörða systranna og sennilega einnig merki um dægradvöl.

[143] Fundaskrár Skriðuklausturs 2002-2005, 2007-2008.

7. Lokaorð

Lítil áhersla hefur verið lögð á tómstundir fornmanna í fornleifarannsóknum og eru því heimildir þess efnis af skornum skammti. Það sama má segja um ritheimildirnar en í þeim sem fjalla um þennan efnisflokk er aðeins að finna nokkrar setningar á stangli í hverju riti. Þrátt fyrir skort á heimildum er ljóst að klausturbúar styttu sér stundir við töfl af ýmsum gerðum og þetta styðja þær rituðu heimildir sem til eru um efnið, sem og fornleifarnar í klaustrunum þremur.

Meginatriði sem verður að hafa í huga við túlkun á efnismenningu er að hluturinn sem ein heild skiptir mestu máli. Hið hlutbundna verður að hanga saman við hið óhlutbundna því ef annar hvor þessara póla fellur úr þessu samhengi, missir hinn sjálfkrafa einnig stöðu sína og tilgang. Án efnisins hverfur efnisveruleikinn og án efnisveruleikans hefur efnið enga merkingu. Hins vegar getur merking hluta breyst í tíma og rúmi, eftir umhverfis- eða félagslegum þáttum.

Hlutbundið birtingarform klaustranna þriggja er ekki svo ósvipað, enda farið eftir alþjóðlegum reglum um byggingarlag sem var þó að einhverju leyti staðbundið. Starfsemi innan klaustranna kallar einnig á samskonar gripa-notkun, fyrir utan á nunnuklaustrinu á Kirkjubæ. Þar hefur aðeins einn taflmaður fundist þrátt fyrir tiltölulega umsvifamikinn uppgröft og er ekki undan því komist að hugsa hvort nunnurnar þar á bæ hafi haft minni áhuga á spilamennsku heldur en munkarnir á Skriðu- og Viðeyjarklaustri. Hugsanlega hafa þær haft meira gaman að vefnaðarvinnu, en mikið magn af textíl og handiðnaðarmunum hefur fundist þar. Þó svo að vefnaðurinn hafi verið vinna þeirra, hafa þær eflaust einnig haft einhverja ánægju af því og mætti því telja að þær hafi stytt sér stundir við vefstólinn eða prjónanna. Eins er mögulegt að munkarnir hafi fundið ánægju í sínum daglegu störfum, t.d. við bókagerð.

Gripirnir gefa til kynna að í klaustrunum hafi farið fram einhverskonar dægradvöl, hvort sem hlutbundið birtingarform hennar hafi verið taflmenn, vefnaðarbútar eða bókarspensl svo eitthvað sé nefnt. Markmið þessara ritgerðar var ekki að svara neinum ákveðnum spurningum, heldur að varpa ljósi á daglegt líf í miðaldaklaustrum á Íslandi. Gaman væri ef í framtíðinni yrði meiri áhersla lögð á þennan félagslega þátt efnismenningarinnar sem efnið og efnisveruleikinn mynda í samvinnu við þátttakendur.

8. Heimildir

Anna Sigurðardóttir. (1988). *Allt hafði annan róm áður í páfadóm : nunnuklaustrin tvö á Íslandi á miðöldum og brot úr kristnisögu*. Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands.

Árni Óla. (1969). *Viðeyjarklaustur*. *Drög að sögu Viðeyjar.* Akureyri: Kvöldvökuútgáfan.

Bjarni F. Einarsson. (2007). Ekki er allt sem sýnist: párað, krotað og rist til forna. Í Mjöll Snæsdóttir (ritstj.), *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 2004-2005* (bls. 119-150). Reykjavík: Hið íslenzka fornleifafélag.

Björn Þorsteinsson. (1980). *Íslensk miðaldasaga*. (2. útg., endurskoðuð). Reykjavík: Sögufélag.

Dahlbäck, Göran. (1982). *Helgeandsholmen 1000 år i Stockholms ström*. Stokkhómur: Stockholms kommun.

Davíð Bragi Konráðsson. (2007). *Naglar frá Skriðuklaustri*. (Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XVI). Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Eggert Ólafsson. (1981). *Ferðabók Eggert Ólafssonar og Bjarna Pálssonar um ferðir þeirra á Íslandi árin 1752-1757*, (2. bindi). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf.

Elsa E. Guðjónsson. (1996). Með silfurbjarta nál. Í Inga Huld Hákonardóttir (ritstj.), *Konur og kristsmenn. Þættir úr kristnisögu Íslands* (bls. 119-162). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Elsa E. Guðjónsson. (2004). Listræn textíliðja fyrr á öldum. Útsaumur, listvefnaður, skinnsaumur, knipl og útprjón. Í Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans: menningararfur á Þjóðminjasafni* (bls. 272-301). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Fundaskrá Viðey 1987-1995. Skýrslur Árbæjarsafns [rafræn útgáfa]. Reykjavík.

Fundaskrá Viðey 1995. Skýrslur Árbæjarsafns [rafræn útgáfa]. Reykjavík.

Grieg, Sigurd. (1947). *Gjermundbufunnet. En høvdingegrav fra 900- arene fra Ringerike.* Oslo: John Grieg.

Grunfeld, Frederic V., Vié, Léon., Williams, Gerald., Bell, R.C. (1985). *Spil og leikir um víða veröld. Saga þeirra, reglur og leikmunir*, þýð. Björn Jónsson. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Guðrún Ása Grímsdóttir. (1999). Heimildir í handritum um klaustrin í Skaftafellsþingi. *Af klaustrum og kennimönnum í Skaftafellsþingi* (bls. 101-144). Vík: Dynskógar (sérprent), Sögufélag Vestur-Skaftfellinga.

Gunnar F. Guðmundsson. (2000). *Kristni á Íslandi II, Íslenskt samfélag og Rómarkirkja.* Reykjavík: Alþingi.

Gyða Gunnarsdóttir. (2004). Barnagaman. Í Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans: Menningararfur á Þjóðminjasafn* (bls. 352-361). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Heimir Steinsson. (1965). *Saga munklífis að Skriðu í Fljótsdal*. Óútgefið. Sérefnisritgerð til embættisprófs við Guðfræðideild Háskóla Íslands. Reykjavík.

Hnefatafl. (1980). *Hugur og hönd: rit Heimilisiðnaðarfélags Íslands*, bls. 8-9. Reykjavík.

Islandske annaler indtil 1578. (1977). Christiania: Grøndahl og søn.

Íslenskt fornbréfasafn VIII: 1261-1521 (1906-1913). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Íslenzkar gátur, skemtanir, vikivakar og þulur. (1887). Bindi 1-2. Safnað hafa Jón Árnason og Ólafur Davíðsson. Reykjavík: Hið íslenzka bókmenntafélag.

Jón Torfason. (1988a). Skákin kemur til Íslands [rafræn útgáfa]. *Lesbók Morgunblaðsins*, 33, 14.

Jón Torfason. (1988b). Úr sögu íslenskrar skáklistar. Skák í lok miðalda [rafræn útgáfa]. *Lesbók Morgunblaðsins*, 40, 15.

Jón Torfason. (1988c). Úr sögu skáklistarinnar á Íslandi VIII. Hnefatafl [rafræn útgáfa]. *Lesbók Morgunblaðsins*, 42, 14-15.

Jón Torfason. (1989). Þættir úr sögu skáklistar. Skák á 19. öld [rafræn útgáfa]. *Lesbók Morgunblaðsins*, 15, 7.

Jón Þ. Þór. (2001). *Skák í hundrað ár. Saga Taflfélags Akureyrar og Skákfélags Akureyrar.* Akureyri: Skákfélag Akureyrar.

Kristín Huld Sigurðardóttir. (2004). Haugfé. Í Árni Björnsson og Hrefna Róbertsdóttir (ritstj.), *Hlutavelta tímans Menningararfur á Þjóðminjasafni* (bls. 64-85). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Kristján Eldjárn. (2000). *Kuml og haugfé úr heiðnum sið á Íslandi*. (2. útgáfa). Reykjavík: Mál og menning.

Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson. (2002). *Rannsókn á rústum*

nunnuklaustursins á Kirkjubæ. Skýrsla I. Rannsóknaruppgröftur sumarið 2002. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Kristján Mímisson og Bjarni F. Einarsson. (2006). *Rannsókn á rústum nunnuklaustursins á Kirkjubæ.* Áfangaskýrsla 2006 til stjórnar Kristnihátíðarsjóðs. Reykjavík: Fornleifafræðistofan.

Kristján Mímisson og Bjarni Einarsson. (2009). Ora et labora: Efnisveruleiki klausturslífs á Kirkjubæjarklaustri. Í Guðmundur Ólafsson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Endurfundir* (bls. 44-57). Fornleifarannsóknir styrktar af Kristnihátíðarsjóði 2001-2005. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Kristján Valur Ingólfsson. (2005). *Litúrgía klaustranna*. Erindi flutt á málþingi Guðfræðistofnunar, Háskóla Íslands og Kirkjubæjarstofu um nunnuklaustrið á Kirkjubæ. 21.mars 2005.

Kristján Valur Ingólfsson. (2008). Daglegt líf í klaustri. Í Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal* (bls. 41-49). Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun.

Latest Iranian News & Iranian Culture Journal. [án árs]. „Culture." Sótt 5. maí 2009 af vefslóð: http://www.iranian.ws/cgi-bin/iran_news/exec/view.cgi/2/4743

Lúðvík Kristjánsson. (1985). *Íslenskir sjávarhættir 4*. Reykjavík: Menningarsjóður.

Margrét Hallgrímsdóttir. (1989). *Viðey. Fornleifarannsóknir 1988-1989*. Reykjavíkurborg: Árbæjarsafn.

Margrét Hallgrímsdóttir. (1993). *Húsakostur Viðeyjarklausturs. Um byggð í Viðey fram á 18. öld.* Cand.mag. ritgerð í sagnfræði. (Skýrslur Árbæjarsafns XXIX). Reykjavík: Háskóli Íslands.

Margrét Hallgrímsdóttir. (1994). *Viðey. Fornleifarannsókn 1993. Áfangaskýrsla.* (Skýrslur Árbæjarsafns XXXVIII). Reykjavík: Árbæjarsafn.

Miller, D. (2005). Materiality: An Introduction. Í Dan Miller (ritstj.), *Materiality* (bls. 1-50). Durham og London: Duke University Press.

Minjasafn Reykjavíkur. (án árs). Reykjavík 871 +/-2. Safnafræðsla á sýningunni. Sótt 28. apríl 2009 á vefslóð: http://www.videyjarstofa.is/munir/INNFLUTTIR_GRIPIR/KOTRA.html

Mörður Árnason. (2002). *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. Bindi

A-L. (Þriðja útg. aukin og endurbætt). Reykjavík: Edda.

Páll Líndal. (1988). *Sögustaður við Sund*. 3. Bindi R-Ö. Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur Hf.

Petersen, Jan. (án árs). Bretspillet i Norge i forhistorisk tid. *Oldtiden IV* (bls. 75-92). [útgáfustaður og útgáfa ekki gefið upp].

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. (2005). *Miðaldaklaustrið á Skriðu. Leirker.* (Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna X). Reykjavík: Skriðuklausturs-rannsóknir.

Sandra Sif Einarsdóttir. (2005). *Hannyrðir í klaustri og á stórbýli. Samanburður á hannyrðatengdum gripum Kúabótar í Álftaveri og nunnuklaustursins á Kirkjubæ.* Óbirt ritgerð. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Steinunn Kristjánsdóttir. (1995a). *Heiðnar og helgar minjar í Viðey. Áfangaskýrsla Viðeyjarrannsókna 1994.* (Skýrslur Árbæjarsafns XLVII). Reykjavík: Árbæjarsafn.

Steinunn Kristjánsdóttir. (1995b). Klaustureyjan á Sundum. Í Mjöll Snæsdóttir (ritstj.), *Árbók Hins íslenska fornleifafélags* (bls. 27-52). Reykjavík: Hið íslenska fornleifafélag.

Steinunn Kristjánsdóttir. (1996). *Viðey –Trúarheimar mætast. Áfangaskýrsla Viðeyjarrannsókna 1995*. (Skýrslur Árbæjarsafns LVI). Reykjavík: Árbæjarsafn.

Steinunn Kristjánsdóttir. (2002). *Skriðuklaustur - Hýbýli helgra manna. Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2002.* (Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna I). Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir. (2005). *Skriðuklaustur - Hýbýli helgra manna. Áfangaskýrsla 2005.* (Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XI). Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir. (2006). *Skriðuklaustur - Hýbýli helgra manna Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2006*. (Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XV). Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir. (2007). *Skriðuklaustur - Hýbýli helgra manna Áfangaskýrsla fornleifarannsókna 2007*. (Skýrslur Skriðuklaustursrannsókna XVII). Reykjavík: Skriðuklaustursrannsóknir.

Steinunn Kristjánsdóttir. (2007b). Skriðuklaustur. Fundaskrá 2005. Sótt 3. maí. 2009 á vefslóð: http://www3.hi.is/~sjk/FSK_2005.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir. (2007c). Skriðuklaustur. Fundaskrá 2008. Sótt 3.

maí. 2009 á vefslóð: http://www3.hi.is/~sjk/FSK_2008.pdf

Steinunn Kristjánsdóttir. (2008a). Fornleifauppgröftur á Skriðuklaustri- markmið og framgangur. Í Hrafnkell Lárusson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Skriðuklaustur, evrópskt miðaldaklaustur í Fljótsdal* (bls. 21-30). Skriðuklaustur: Gunnarsstofnun.

Steinunn Kristjánsdóttir (2008b). Skriðuklaustur í Fljótsdal – landslag menningar og trúar. *Ritið, 8*(2), 159- 176. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,.

Steinunn Kristjánsdóttir. (2009). Kanúkaklaustrið að Skriðu í Fljótsdal – heimsmynd kaþólskrar kirkju í íslenskum dal. Í Guðmundur Ólafsson og Steinunn Kristjánsdóttir (ritstj.), *Endurfundir* (bls. 80-95). Fornleifarannsóknir styrktar af Kristnihátíðarsjóði 2001-2005. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands.

Suðri I. Þættir úr framfarasögu Sunnlendinga frá Lómagnúp til Hellisheiðar. (1969). I. Bindi. Viðey: Bjarni Bjarnason frá Laugarvatni safnaði og gaf út.

Woodward, Ian. (2007). *Understanding Material Culture.* London: SAGE Publications Ltd.

Þar er teningunum kastað. (1977). *Hugur og Hönd: rit Heimilisiðnaðarfélags Íslands*, bls. 8-9. Reykjavík.

Þórarinn Helgason frá Þykkvabæ. (1961). *Kirkjubæjarklaustur.* Reykjavík: Elín Frigg Helgadóttir.

9. Myndaskrá

Mynd 1: Kort af Íslandi. Staðsetning og nöfn þeirra kaþólsku klaustra sem hafa verið stofnuð á Íslandi. Birtist í Gunnar F. Guðmundsson, 2000.

Mynd 2: Grunnteikning af rústum klausturbygginga á Kirkjubæ. Teikning: Kristján Mímisson ofl., 2006.

Mynd 3: Grunnteikning af rústum Skriðuklausturs við lok uppgraftar árið 2008. Teikning: Steinunn Kristjánsdóttir, 2008.

Mynd 4: Tilgátumynd af byggingarmunstri húsarústanna í Viðey. Myndin sýnir fjögur mismunandi tímabil, allt frá 10. – 20. Aldar. Teikning: Steinunn Kristjánsdóttir, 1995.

Mynd 5: Hnefatafl sem fannst í Baldursheimskumli í Mývatnssveit sem er frá 10. öld. Birtist í Kristján Eldjárn, 2000.

Mynd 6: Kotruborð og kotrutöflur sem varðveittust úr sænska herskipinu Vasa. Leikmunirnir eru frá fyrri hluta 17. aldar. Sótt á netið þann 2. maí 2009 á vefslóð: http://en.wikipedia.org/wiki/File:Old_Backgammon_Vasa_Edit.jpg

Mynd 7: Persneskir taflmenn frá 9. öld. Einn þeirra taflmanna frá Viðey líkist þó nokkuð þessum persnesku (sjá mynd 12). Sótt á netið þann 2. maí 2009 á vefslóð: http://ancientchess.com/page/01.htm

Mynd 8: Svokölluðu Lewis taflmenn sem fundust á Skotlandi. Þeir hafa verið skornir úr hvalbeini og rostungstönnum í Noregi á 12. öld. Sótt á netið þann 2. maí 2009 á vefslóð: http://www.britishmuseum.org/explore/families_and_children/online_tours/games/games.aspx

Mynd 9: Taflmenn frá Skandinavíu frá ca. 12. öld. Sótt á netið þann 2. maí 2009 á vefslóð: http://ancientchess.com/page/09.htm

Mynd 10: Taflmaður sem fannst í klausturhúsum Kirkjubæjarklausturs. Fundaskrá Kirkjubæjarklausturs 2002. Nr. 139. Mynd fengin úr Sarpi, gagnagrunni Þjóðminjasafns í apríl 2009.

Mynd 11: Taflmaður frá Skriðuklaustri sem fannst í inngangi við hlið matsalarins. Fundaskrá Skriðuklausturs 2008. Nr. 2008-36-359. Mynd fengin í tölvupósti frá Steinunni Kristjánsdóttur.

Mynd 12: Fimm taflmenn og taflborð sem fundust í húsarústunum í Viðey. Fundaskrá Viðey 1995. Taflmenn: Nr. V94- 812; V87- 6254; V87- 45925; V90- 315; V91- 1080. Taflborð er nr. V90-1500. Myndin er tekin á sýningu á Árbæjarsafni í nóvember 2008. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

Mynd 13. Taflmaður sem fannst í göngum í húsarústunum í Viðey. Fundaskrá Viðey 1995. Nr. V89- 55663. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

Mynd 14. Taflmaður sem fannst í skálarústunum í Viðey. Fundaskrá Viðey Nr. V90-315. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

Mynd 15. Kotra sem fannst í rústum klausturkirkjunnar á Skriðuklaustri. Fundaskrá Skriðuklausturs 2005. Nr. 2005-36-0268. Mynd fengin í tölvupósti frá Steinunni Kristjánsdóttur.

Mynd 16. Hámerarbein sem fannst í göngum í húsarústum í Viðey. Fundaskrá Viðey 1995. Nr. V94- 826. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

Mynd 17. Kotrur og teningur sem fundust í húsarústum í Viðey. Fundaskrá Viðey 1995. Kotrur: Nr. V87-6168; V87- 6255; V87- 6257 og teningur nr. V88-53141. Myndin er tekin á sýningu á Árbæjarsafni.

Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

Mynd 18. Brotin kotra sem fannst í grafreitnum í Viðey. Fundaskrá Viðey 1995. Nr. V94-826. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

Mynd 19. Keramik kotran sem fannst í skálarústinni í Viðey. Fundaskrá Viðey 1995. Nr. V90-1167. Mynd fengin í tölvupósti frá Steinunni Kristjánsdóttur.

Mynd 20. Teningar sem fundust í rústum klausturkirkjunnar á Skriðuklaustri. Fundaskrá Skriðuklausturs 2006. Nr. 2006-36-0619 og Fundaskrá Skriðuklausturs 2008. Nr. 2008-36-0012. Mynd fengin í tölvupósti frá Steinunni Kristjánsdóttur.

Mynd 21. Teningur sem fannst í ónstofurústinni í Viðey. Fundaskrá Viðey 1995. Nr. Óþekkt. Ljósmynd: Sólrún Inga Traustadóttir.

Mynd 22. Gripir tengdir dægradvöl frá uppgreftinum í Helgeandsholmen í Svíþjóð. Birtist í Dahlbäck, 1982.

Mynd 23: Göngustafir úr hámerarbeinum. Birtist í Lúðvík Kristjánsson, 1985.

Mynd 24: Unnið hámerarbein frá Skriðuklaustri. Fundaskrá Skriðuklausturs, nr. 2006-36-276. Mynd: Steinunn Kristjánsdóttir, 2009.

Fylgiskjal I: Dreifing gripanna eftir rýmum á Skriðuklaustri er sýnd með tilheyrandi litum. Teikning: Steinunn Kristjánsdóttir. Gripamerkingar: Sólrún Inga Traustadóttir.

Fylgiskjal II: Dreifing gripa í húsarústunum í Viðey er sýnd með tilheyrandi litum. Teikning: Steinunn Kristjánsdóttir. Gripamerkingar: Sólrún Inga Traustadóttir.

Fylgiskjal I

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá dreifingu gripanna í ákveðin rými fornleifarústanna á Skriðuklaustri.



Fylgiskjal II

Þessi tilgátumynd sýnir dreifingu gripanna í húsarústunum í Viðey. Staðsetning gripanna er eftir upplýsingum úr Fundaskrám Viðeyjar árin 1989-1995.